



Landsbundin eftirlitsáætlun (LEMA) 2021-2023

Eftirlitsáætlun Íslands fyrir opinbert eftirlit með matvælum, fóðri, dýraheilbrigði, aukaafurðum dýra, dýravelferð, plöntuskaðvöldum, plöntuverndarvörum, lífrænni framleiðslu og vernduðum afurðaheitum fyrir tímabilið 2021 til 2023

Útgáfa: 22.2.2022

Tekur við af útgáfu: 04.10.2017

STAÐFESTING Á GILDISTÖKU

Landsbundin eftirlitsáætlun (LEMA) 2021-2023

Eftirlitsáætlun Íslands fyrir opinbert eftirlit með matvælum, fóðri, dýraheilbrigði, aukaafurðum dýra, dýravelferð, plöntuskaðvöldum, plöntuverndarvörum, lífrænni framleiðslu og vernduðum afurðaheitum fyrir tímabilið 2021 til 2023

Ákvörðun

Opinberu eftirliti skal sinna reglulega með öllum rekstraraðilum, á grundvelli áhættu, með viðeigandi tíðni að teknu tilliti til greindrar áhættu, niðurstaðna úr eftirliti, upplýsinga sem benda til þess að líklegt sé að villt sé um fyrir neytendum, upplýsinga sem gætu bent til þess að ekki sé farið að reglum og samkvæmt eftirlitsáætlun. Matvælastofnun skal vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði opinbers eftirlits og því að slíkum kröfum sé framfylgt.

Skyllt er að leggja fram landsbundna eftirlitsáætlun til margra ára (LEMA), samkvæmt 109. gr. reglugerðar (EB) nr. 2017/625 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt. Reglugerðin var innleidd á Íslandi með reglugerð nr. 234/2020.

Eftirlitsáætlunin er liður í að framfylgja löggjöf sem fellur undir svið reglugerðarinnar og vakta og sannprófa að stjórnendur fyrirtækja uppfylli viðeigandi ákvæði löggjafar á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar.

Eftirfarandi eftirlitsáætlun er unnin í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 110. og 111. gr. reglugerðar (EB) nr. 2017/625.

Ábyrgð: Samhæfing, Matvælastofnun

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi
Sími: (+354) 530 4800
mast@mast.is
www.mast.is

Hrönn Ólína Jörundsdóttir
forstjóri

Efnisyfirlit

Innihald

1.	INNGANGUR.....	4
2.	STEFNUMÓTANDI MARKMIÐ OG STARFSMARKMIÐ 2021 - 2023	5
2.1.	STEFNUMÓTANDI MARKMIÐ	5
2.2.	STARFSMARKMIÐ	5
2.2.1.	MARKMIÐ FYRIR EFTIRLIT	6
2.2.2.	EFTIRLITSÁHERSLUR OG EFTIRLITSVERKEFNI	8
3.	LÖGBÆR YFIRVÖLD OG RANNSÓKNASTOFUR.....	10
3.1.	TILNEFND LÖGBÆR YFIRVÖLD	10
3.1.1.	MATVÆLASTOFNUN.....	10
3.1.2.	HEILBRIGÐISEFTIRLIT SVEITARFÉLAGA.....	12
3.1.3.	UMHVERFISSTOFNUN	14
3.1.4.	VINNUEFTIRLITIÐ.....	14
3.2.	RANNSÓKNASTOFUR	14
4.	SKIPULAG OG STJÓRNUN Á OPINBERU EFTIRLITI.....	15
4.1.	MATVÆLI	16
4.1.1.	FRUMFRAMLEIÐSLA MATVÆLA	16
4.1.2.	FRAMLEIÐSLA OG DREIFING MATVÆLA	18
4.1.3.	ANNAÐ EFTIRLIT Á SVIÐI MATVÆLA.....	18
4.2.	ERFÐABREYTT RÆKTUN UTANDYRA TIL FRAMLEIÐSLU Á MATVÆLUM EÐA FÓÐRI.....	21
4.3.	FÓÐUR	22
4.3.1.	FRAMLEIÐSLA FÓÐURS OG HRÁEFNA TIL FÓÐURGERÐAR	22
4.3.2.	AFURÐIR FRÁ MATVÆLAFYRIRTÆKJUM, NÝTTAR Í FÓÐUR EÐA TIL VINNSLU AUKAAFURÐA DÝRA	22
4.3.3.	NOTKUN FÓÐURS VIÐ ELDI DÝRA (Í FRUMFRAMLEIÐSLU).....	22
4.4.	DÝRAHEILBRIGÐI	23
4.4.1.	KÚARIÐA (TSE)	23
4.4.2.	SÝKLALYFJAÓNÆMI	23
4.4.3.	SÚNUR.....	24
4.4.4.	FISKSJÚKDÓMAR	24
4.4.5.	LYFJANOTKUN.....	25
4.5.	AUKAAFURÐIR DÝRA (ABP).....	26
4.6.	VELFERÐ DÝRA.....	27
4.6.1.	VELFERÐ DÝRA Í ELDI	27
4.6.2.	VELFERÐ ELDISFISKS /LAGARDÝRA	27
4.6.3.	VELFERÐ DÝRA SEM NOTUÐ ERU Í VÍSINDALEGUM TILGANGI	27
4.6.4.	VELFERÐ GÆLUDÝRA	27
4.6.5.	VELFERÐ DÝRA Í FLUTNINGI.....	28
4.6.6.	VELFERÐ DÝRA VIÐ AFLÍFUN	28
4.7.	VERNDARRÁÐSTAFANIR GEGN PLÖNTUSKAÐVÖLDUM.....	29
4.8.	PLÖNTUVERNDARVÖRUR	30
4.8.1.	EFTIRLIT MEÐ MARKAÐSSETNINGU PLÖNTUVERNDARVARA	30
4.8.2.	EFTIRLIT MEÐ MEÐFERÐ, NOTKUN OG MERKINGUM EFNA Á VINNUSTÖÐUM.	31
4.8.3.	EFTIRLIT MEÐ MEÐFERÐ, NOTKUN OG MERKINGUM EFNA Í STARFSLEYFIS- OG SKRÁNINGARSKYLDRI STARFSEMI.....	31
4.8.4.	EFTIRLIT MEÐ EFNALEIFUM PLÖNTUVERNDARVARA Í MATVÆLUM	31
4.9.	LÍFRÆN FRAMLEIÐSLA.....	32
4.10.	VERNUÐ AFURÐAHEITI.....	33

4.11.	INNFLUTNINGUR OG ÚTFLUTNINGUR	34
4.11.1.	INNFLUTNINGUR MATVÆLA SEM ERU AF DÝRAUPPRUNA	34
4.11.2.	INNFLUTNINGUR MATVÆLA OG FÓÐURS SEM EKKI ERU AF DÝRAUPPRUNA	35
4.11.3.	INNFLUTNINGUR PLANTNA OG PLÖNTUAFURÐA	35
4.11.4.	INNFLUTNINGUR PLÖNTUVERNDARVARA	35
4.11.5.	INNFLUTNINGUR LÍFRÆNNA MATVÆLA OG FÓÐURS	35
4.11.6.	INNFLUTNINGUR DÝRA.....	36
4.11.7.	ÚTFLUTNINGUR DÝRAAFURÐA.....	37
4.11.8.	ÚTFLUTNINGUR DÝRA.....	37
4.11.9.	ÚTFLUTNINGUR PLANTNA EÐA PLÖNTUAFURÐA	37
5.	SANNPRÓFUN OG SAMHÆFING	38
5.1.	ÚTTEKTIR.....	39
5.1.1.	INNRI ÚTTEKTIR.....	39
5.1.2.	YTRI ÚTTEKTIR	39
5.2.	SAMHÆFING	39
5.2.1.	GÆÐAKERFI OG SKRÁÐ VERKLAG.....	39
5.2.2.	SAMSTARF	39
5.3.	KERFISBUNDIN SANNPRÓFUN.....	40
6.	ÞJÁLFUNARFYRIRKOMULAG	41
7.	VIÐBRAGÐSÁÆTLANIR OG GAGNKVÆM AÐSTOÐ.....	42
7.1.	VIÐBRAGÐSÁÆTLANIR	42
7.2.	GAGNKVÆM AÐSTOÐ OG VIÐVÖRUNARKERFI	43
8.	ENDURSKOÐUN OG BREYTINGAR Á LANDSBUNDINNI EFTIRLITSÁÆTLUN	44

1. Inngangur

Markmiðið með opinberu eftirliti er að framfylgja lögum og reglum sem sett hafa verið til þess að tryggja svo sem kostur er öryggi matvæla og fóðurs, dýra- og plöntuheilbrigði og velferð dýra.

Í landsbundinni eftirlitsáætlun til margra ára er markmiðum, framkvæmd og áherslum opinbers eftirlits lýst. Við gerð hennar skal tryggja að hægt sé að sannprófa hvort opinbert eftirlit sé skipulagt og framkvæmt í samræmi við viðmiðanir laga og reglna um opinbert eftirlit.

Landsbundin eftirlitsáætlun var fyrst gefin út 2017 og í henni var eftirliti lýst fyrir árin 2017-2020. Framkvæmd eftirlits 2021 var skv. þeirri lýsingu og byggir eftirlitsáætlun fyrir 2021-2023 á fyrstu útgáfu.

Samkvæmt reglugerð nr. 234/2020 skal landsbundin eftirlitsáætlun ná til matvæla, fóðurs, dýraheilbrigðis, aukaafurða dýra, dýravelferðar, plöntuskaðvalda, plöntuverndarvara, lífrænnar framleiðslu og verndaðra afurðaheita.

2. Stefnumótandi markmið og starfsmarkmið 2021 - 2023

2.1. Stefnumótandi markmið

Stefnumótandi markmið eru sett til sama tíma og eftirlitsáætlunin gildir, en þau eru uppfærð við árlega endurskoðun áætlunarinnar ef þörf er á.

- Neytendur geti tekið upplýstar ákvarðanir um matvæli sem þeir velja og treyst á áreiðanleika þeirra upplýsinga sem matvælafyrirtæki gefa
- Matvæli séu örugg til neyslu
- Fóður sé öruggt og heilnæmt
- Rekjanleiki matvæla og fóðurs sé ávallt tryggður
- Dýrum líði vel

Hvað er gert til að uppfylla stefnumótandi markmið?

- Eftirlit með matvæla- og fóðurfyrirtækjum og þeim sem halda dýr skv. kafla 2 og 4.
- Eftirlit með efnaleifum í dýrum og dýrafurðum og óæskileg efni í sjávarafurðum
- Eftirlit með leifum plöntuverndarvara í grænmeti og ávöxtum
- Eftirfylgni vegna athugasemda sem gerðar eru í eftirliti
- Vöktun á sýklalyfjaónæmi og súnnum sem berast milli manna og dýra
- Vöktun á dýrasjúkdómum
- Viðbrögð við matarbornum sjúkdómum og dýrasjúkdómum

Við mat á því hvernig hefur tekist að uppfylla stefnumótandi markmið verður horft til eftirfarandi þátta.

- Niðurstöður eftirlits / samantekt úr ársskýrslu vegna LEMA
- Niðurstöður vöktunar á súnnum, sýklalyfjaónæmi og dýrasjúkdómum
- Fjöldi innkallana / RASFF tilkynninga
- Niðurstöður starfsmarkmiða

2.2. Starfsmarkmið

Starfsmarkmið fyrir ákveðin svið eða eftirlit eru nákvæm, mælanleg, raunhæf, viðeigandi og tímasett. Þau geta verið til skamms tíma eða sama tíma og eftirlitsáætlunin gildir. Þau eru endurskoðuð reglulega.

2.2.1. Markmið fyrir eftirlit

Markmið vegna eftirlits Matvælastofnunar:

Framvinda eftirlits

Frumframleiðsla / eldi dýra. Yfirlit yfir fjölda starfsstöðva¹, tíðni eftirlits og áætlaðan fjölda eftirlitsheimsókna (reglubundið eftirlit).

Tegund starfsemi	Fjöldi starfsstöðva	Tíðni eftirlits*	Áætlað eftirlit 2022 * Fjöldi eftirlitsheimsókna
Alifuglar	61	Annað hvert ár	30
Geitur	71	Þriðja hvort ár	24
Hross	2.352	Fjórdá hvert ár	588
Nautgripir	793	Þriðja hvert ár	264
Sauðfé	2.366	Þriðja hvert ár	789
Svín	18	Einu sinni á ári	18

*Tíðni eftirlits er ákvörðuð skv. [áhættu- og frammistöðuflokkun frumframleiðenda](#).

Markmiðið er að reglubundið eftirlit verði í samræmi við áætlun eða 100%.

Mælikvarði: Hlutfall þess eftirlits sem var sinnt á árinu.

Matvæla- og fóðurvinnsla. Yfirlit yfir fjölda starfsstöðva og áætlað reglubundið eftirlit í klst.

Tegund starfsemi	Fjöldi starfsstöðva	Áætlað eftirlit 2022. Fjöldi tíma *
Eggjapökkun og eggjavinnsla	10	45
Fiskvinnsla	280	1.602
Fóðurvinnsla	181	175
Kjötvinnsla	38	167
Matvæli og fóður **	5	33
Mjólkurvinnsla	5	46
Sláturhús	17	309

*Áætlað eftirlit í fjölda tíma er ákvarðað skv. [áhættuflokkunarkerfi fyrir matvæli úr dýraríkinu](#).

** Matvæli / fóður: Fyrirtæki sem eru með leyfi til að framleiða bæði matvæli og fóður.

Markmiðið er að reglubundnu eftirliti verið sinnt skv. áætlun.

Mælikvarði: Hlutfall þess eftirlits sem var sinnt á árinu.

Frágangur á eftirlitsskýrslum

Til að stuðla að snöggum viðbrögðum eftirlitspega við frávikum er mikilvægt er að eftirlitsskýrslur berist fljótt til eftirlitspega að lokinni eftirlitsheimsókn. Markmiðið er að eftirlitsskýrslum verði lokað innan 7 virkra daga frá framkvæmd eftirlits. Ekki er raunhæft að öllum skýrslum sé lokað innan þessa tímaramma þar sem aðkomu annarra aðila innan Matvælastofnunar þarf stundum til að að taka ákvörðun um mat á athugasemdum.

Markmiðið er að a.m.k 90 % eftirlitsskýrsla sé lokað innan 7 virkra daga.

¹Starfsstöð er staður sem hefur fengið skráningu / starfsleyfi til eldis dýra, starfsleyfi til framleiðslu og/eða dreifingar matvæla og/eða fóðurs. Fyrirtæki getur verið með eina eða fleiri starfsstöðvar.

Mælikvarði: Fjöldi eftirlitskýrsla sem er lokað innan 7 virkra daga sem hlutfall af útgefnum skýrslum.

Boðað/ óboðað eftirlit

Matvæla og fóðurvinnsla: Reglubundið eftirlit skal að öllu jöfnu fara fram án nokkurs fyrirvara þ.e. vera óboðað. Ekki er raunhæft að allar eftirlitsheimsóknir séu óboðaðar þar sem oft þarf að fara langar leiðir að eftirlitsstað og mikilvægt er að tryggja að lykilaðilar séu til staðar ef framkvæma á úttekt.

Markmiðið er að meira en 50 % eftirlits með matvælavinnslum og fóðurvinnslum sé óboðað.

Mælikvarði: Hlutfall reglubundins eftirlits sem er óboðað.

Frumframleiðsla: Ekki er raunhæft að allar eftirlitsheimsóknir séu óboðaðar þar sem oft þarf að fara á staði sem eru utan alfaraleiðar.

Markmiðið er að meira en 75 % af eftirlitsheimsóknum í frumframleiðslu sé óboðað.

Mælikvarði: Hlutfall reglubundins eftirlits sem er óboðað.

Markmið vegna eftirlits Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga:

Önnur matvælavinnsla. Yfirlit yfir fjölda starfsstöðva² og áætlaðan fjölda eftirlitsheimsókna (reglubundið eftirlit).

Tegund starfsemi	Fjöldi starfsstöðva	Áætlað eftirlit 2022 Fjöldi eftirlitsheimsókna
Ræktun matjurta	43	10
Vinnsla og geymsla ávaxta og grænmetis	68	35
Framleiðsla á jurtaolíu og feiti	1	1
Framleiðsla á kornvöru og sterkjuafurðum	8	7
Framleiðsla á bakarísvörum og mjólkkenndum vörum	63	56
Framleiðsla á öðrum matvælum	176	156
Framleiðsla á drykkjarvörum	34	27
Heildsala	237	84
Smásala	626	323
Flutningar og geymsla	61	39
Veitingasala og -þjónusta	2077	1978
Annað	276	383
Framleiðsla snertiefna matvæla	10	7

Markmiðið er að reglubundið eftirlit verði í samræmi við áætlun eða 100%.

Mælikvarði: Hlutfall þess eftirlits sem var sinnt á árinu.

Frágangur á eftirlitsskýrslum

Til að stuðla að snöggum viðbrögðum eftirlitspega við frávikum er mikilvægt að eftirlitskýrslur berist fljótt til eftirlitspega að lokinni eftirlitsheimsókn.

²Starfsstöð er staður sem hefur fengið skráningu / starfsleyfi til eldis dýra, starfsleyfi til framleiðslu og/eða dreifingar matvæla og/eða fóðurs. Fyrirtæki getur verið með eina eða fleiri starfsstöðvar.

Markmiðið er að öllum eftirlitsskýrslum verði lokið innan 14 daga frá því að andmælaréttur rekstraraðila við skýrslur er liðinn. Að öðrum kosti skulu koma fram skýringar á tölum í skráningarkerfi viðkomandi embættis.

Mælikvarði: Fjöldi eftirlitsskýrslna sem er lokið innan 14 daga frá því að andmælaréttur rekstraraðila við skýrslur er liðinn sem hlutfall af útgefnum skýrslum.

Boðað/ óboðað eftirlit

Reglubundið eftirlit skal að öllu jöfnu fara fram án nokkurs fyrirvara þ.e. vera óboðað. Ekki er raunhæft að allar eftirlitsheimsóknir séu óboðaðar þar sem oft þarf að fara langar leiðir að eftirlitsstað og mikilvægt er að tryggja að lykilaðilar séu til staðar ef framkvæma á úttekt.

Markmiðið er að meira en 75 % eftirlits með matvælavinnslum sem eru undir eftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga sé óboðað.

Mælikvarði: Hlutfall reglubundins eftirlits sem er óboðað.

2.2.2. Eftirlitsáherslur og eftirlitsverkefni

Vatn í matvælum

2022-2023 verður lögð áhersla á að skoða hvort matvæli séu rétt merkt m.t.t. til íshúðar og viðbættis vatns. Skoðað verður hvort innihaldslisti, vöruheiti og þyngd sé tilgreind í samræmi við kröfur reglugerðar um upplýsingar um matvæli í eftirfarandi tegundum matvæla

- Rækja, humar, hörpudiskur
- Frosin fiskur (flök og bitar)
- Úrbeinaðir kjúklingar.

Markmiðið er að framkvæma eftirlit hvað þetta varðar árið 2022 í öllum fyrirtækjum sem framleiða ofangreind matvæli.

Mælikvarði: Hlutfall fyrirtækja þar sem eftirlit var haft með vatni í matvælum.

Þátttakendur: Matvælastofnun

Listeria monocytogenes í matvælum tilbúnum til neyslu

Tilgangurinn er að sannprófa að örverufræðileg viðmið reglugerðar nr. 135/2010 (EB/2073/2005), hvað varðar *Listeria monocytogenes* (LM) í matvælum tilbúnum til neyslu á geymslupólstímanum.

Markmið: Tekin verði sýni af viðkvæmum matvælum í 24 fyrirtækjum fyrir lok árs 2021.

Mælikvarði: Fjöldi fyrirtækja sem sýni voru tekin í.

Þátttakendur: Matvælastofnun

Eftirlit með nautaeldi

Mikil fjölgun hefur orðið á aðilum sem hafa tekið upp nautaeldi, oft sem viðbót við annað búfjárhald. Húsakynni eru oft ekki sérhönnuð fyrir nautgripi heldur er verið að nýta (og breyta) fjárhúskrær, flatgryfjur eða annað húsnæði sem hentar jafnvel ekki og getur það leitt til þess að dýravelferð verði ábótavant. Starfsstöðvar sem eru með nautaeldi en ekki í mjólkurframleiðslu eru um 165 talsins.

Áhersluatriði eru aðbúnaður, loftræsting, hreinleiki gripa, fóðrun og brynning og merkingar. Sjá nánar í skoðunarhandbók: Nautgripir.

Markmiðið er að fara í eftirlit í allar starfsstöðvar sem eru í nautaeldi en ekki í mjólkurframleiðslu 2021 og 2022.

Mælikvarði: Fjöldi eftirlitsheimsókna sem hlutfall af búum sem stunda nautaeldi og skráð eru í Bústofn.

Þátttakendur: Matvælastofnun

Aflífun varphænsna

Opinbert eftirlit með bæði tínslu eða handsömun varphæna í varphúsum og aflífun þeirra. Margar rannsóknir sýna fram á það hversu mikilvægt það er að þessi starfsemi fari fram með velferð hænsna í fyrirrúmi. Miklar líkur eru á áverka og beinbroti og skiptir máli með hvaða hætti þær eru handsamaðar. Einnig skiptir máli með hvaða hætti þær eru aflífaðar með dýravelferð í huga.

Markmiðið er að eftirlit fari fram hjá öllum þeim 12 starfsstöðvum sem eru með starfsleyfisskylda eggjaframleiðslu árið 2022,

Mælikvarði: Fjöldi eftirlitsheimsóknna sem hlutfall af eggjaframleiðendum.

Þátttakendur: Matvælastofnun

Eftirlit með sýklalyfjanotkun

a) Eftirlit með undanþágu dýralækna til að afhenda sýklalyf

Árið 2022 verður lögð áhersla á rafrænt eftirlit með öllum dýralæknum sem hafa undanþágu yfirdýralækni til að afhenda sýklalyf í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 539/2000 um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum.

Markmið: Skoðað verði hvort dýralæknar standast ákvæði undanþágu til afhendingar á sýklalyfjum og hvort tilefni sé til að endurskoða undanþáguákvæðin m.t.t. skynsamlegrar notkunar sýklalyfja.

Mælikvarði: Fjöldi skoðana á rafrænu eftirliti dýralækna með undanþágu sem hlutfall af heildarfjölda dýralækna með undanþágu.

b) Rétt notkun sýklalyfja

Árin 2023-2024 verður áhersla lögð á rétta notkun sýklalyfja með áherslu á starfsstöðvar þar sem sýklalyf hafa verið afhent skv. undanþágu yfirdýralækni til afhendingar sýklalyfja í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 539/2000 um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum og ásamt þeim bæjum þar sem sýklalyf úr sértækum sýklalyfjaflokkum hafa verið afhent.

Markmið: Sértækt eftirlit fari fram á starfsstöðvum sem fá afhent sýklalyf skv. undanþágu yfirdýralækni og fá eftirlit skv. áætlunum 2023-2024.

Mælikvarði: Hlutfall þeirra starfsstöðva sem hafa fengið afhent sýklalyf skv. undanþágu yfirdýralækni og fá eftirlit skv. áætlunum.

Þátttakendur: Matvælastofnun

Notkun á heilsufullyrðingum við markaðssetningu fæðubótarefna

Markmið:

- Kanna hvort heilsufullyrðingar í merkingum og við markaðssetningu fæðubótarefna uppfylli kröfur. Hversu stór hluti fullyrðinga uppfyllti kröfur.
- Tryggja samræmi í framkvæmd eftirlits á milli heilbrigðiseftirlitssvæða og Matvælastofnunar.
- Fræðsla / þjálfun eftirlitsfólks um gildandi reglur um næringar- og heilsufullyrðingar.

Þátttakendur: Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Matvælastofnun árið 2021.

[Skýrsla með niðurstöðum verkefnis.](#)

3. Lögbær yfirvöld og rannsóknastofur

3.1. Tilnefnd lögbær yfirvöld

Ísland hefur falið eftirtöldum lögbærum yfirvöldum ábyrgð á að skipuleggja eða sinna opinberu eftirliti og annarri opinberri starfsemi, fyrir þau svið sem talin eru upp í 1. grein 2. tl. reglugerðar EB/2017/625 (innleidd í íslenska reglugerð. nr. 234/2020). Reglugerðin gildir um opinbert eftirlit sem innt er af hendi til að staðfesta fylgni við löggjöf á þeim sviðum. Á Íslandi gildir reglugerðin þó aðeins um þá löggjöf sem innleidd er samkvæmt EES samningnum.

Heiti	Svið skv. grein 1(2) í reglugerð EB/2017/625
Matvælastofnun	a, c, d, e, f, g, i, j
Umhverfisstofnun	b, e, h
Vinnueftirlitið	h
Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga:	a, e, h, l, j
<ul style="list-style-type: none"> - Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs (HHGK) - Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) - Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis (HKJ) - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HVL) - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (HVF) - Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV) - Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE) - Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST) - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HSL) - Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HSN) 	

Grein 1, töluliður 2, í reglugerð EB/2017/625:

- a) matvæli og matvælaöryggi, heilleiki og heilnæmi á öllum stigum framleiðslu, vinnslu, og dreifingar matvæla, þ.m.t. reglur sem er ætlað að tryggja góða viðskiptahætti og vernda hagsmuni neytenda og upplýsingagjöf til þeirra, og framleiðsla og notkun á efnivið og hlutum sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli,
- b) slepping erfðabreyttra lífvera út í umhverfið af ásettu ráði í þeim tilgangi að framleiða matvæli og fóður,
- c) fóður og fóðuröryggi á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar á fóðri og notkun fóðurs, þ.m.t. reglur sem er ætlað að tryggja góða viðskiptahætti og vernda heilbrigði neytenda og hagsmuni og upplýsingagjöf til þeirra,
- d) dýraheilbrigðiskröfur,
- e) að fyrirbyggja og lágmarka áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra sem stafar af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum,
- f) kröfur um velferð dýra,
- g) verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum,
- h) kröfur um setningu á markað og notkun á plöntuverndarvörum og sjálfbæra notkun varnarefna, að undanskildum búnaði fyrir notkun varnarefna,
- i) lífræn framleiðsla og merkingar á lífrænum vörum,
- j) notkun og merkingar á vernduðum upprunatáknunum, vernduðum, landfræðilegum merkingum og hefðbundnum afurðum eða matvælum sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni.

3.1.1. Matvælastofnun

Matvælastofnun (MAST) starfar skv. lögum nr. 30/2018 um Matvælastofnun og er undir yfirstjórn Matvælaráðuneytisins, skv. reglugerð nr. 646/2020 um skipulag og starfsemi Matvælastofnunar.

Aðalskrifstofa er á Selfossi, Inn- og útflutningsdeild í Hafnarfirði. Fiskeldisdeild er stýrt frá Ísafirði ásamt því að stofnunin rekur einnig fjórar umdæmisstofur. Skiptingu landsins í umdæmi má sjá [hér](#). Matvælastofnun starfrækir fjórar landamærastöðvar til að hafa eftirlit með innflutningi búfjárafurða, sjávarafurða og lifandi ferskvatns- og sjávardýra, auk tiltekinna matvæla og fódurs sem ekki eru af dýrauppruna, frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES).

Matvælastofnun sinnir stjórnýslu, opinberu eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, matvæla- og fódurfyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.

Matvælastofnun veitir stjórnvöldum ráðgjöf varðandi matvælalöggjöfina allt frá heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði, fódri, vinnslu matvæla og dreifingu þeirra þar til matur er borinn á borð neytenda. Stofnunin fer með opinbert eftirlit með sjávarafurðum og vinnslu þeirra, frumframleiðslu búfjárafurða, sláturhúsum, kjötvinnslum, mjólkurbúum, eggjavinnslu, innflutningi matvæla frá löndum utan EES og útflutningi matvæla til landa utan EES. Matvælastofnun fer einnig með yfirumsjón með matvælaeftirliti á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlit með störfum dýralækna sem veita almenna dýralæknaþjónustu og öðrum sem sinna heilbrigðisþjónustu við dýr. Einnig fer stofnunin með fódureftirlit og önnur verkefni eins og sjá má á eftirfarandi lista yfir helstu verkefni Matvælastofnunar:

- Matvælalöggjöf og matvælaeftirlit
- Neytendavernd og fræðslumál
- Heilbrigði og velferð dýra
- Plöntuheilbrigði og sáðvara
- Fóður og áburður
- Sóttvarnir og viðbragðsáætlanir
- Kjötmat og fiskeldi
- Inn- og útflutningseftirlit, rekstur landamærastöðva
- Yfirumsjón og eftirlit: Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, heilbrigðisþjónusta við dýr
- Stjórnýsluverkefni: Lögræði, alþjóðamál, samræming og úttektir

Kjörorð Matvælastofnunar er "Frá heilbrigði til hollustu". Vísar það til þess að stofnunin fer með löggjöf og eftirlit sem varðar heilbrigði plantna, heilbrigði og velferð dýra og síðan matvælaöryggi, ýmist með eigin starfsemi eða með eftirliti með heilbrigðisþjónustu við dýr eða samstarfi og samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Hlutverk og framtíðarsýn Matvælastofnunar er: „Við verndum heilsu manna, dýra og plantna og aukum þannig velferð og verðmætasköpun í þágu þjóðarinnar“.

Matvælastofnun hefur sett sér eftirfarandi gildi sem starfsmönnum stofnunarinnar ber að hafa að leiðarljósi í störfum sínum:

- *Fagmennska:* Við vinnum sem ein liðsheild, nýtum bestu þekkingu starfsmanna og störfum með faglegum og samræmdum hætti
- *Gagnsæi:* Við stundum opna stjórnýslu, virka upplýsingagjöf og veitum almenningi og viðskiptavinum aðgang að gögnum með rétt þeirra að leiðarljósi
- *Traust:* Við sýnum viðskiptavinum og samstarfsfólki virðingu, gætum hlutleysis í störfum og rökstyðjum ákvarðanir okkar

Í innra skipulagi Matvælastofnunar eru skrifstofa forstjóra, tvö fagsvið Vettvangseftirlit og Samhæfing, og tvö stoðsvið Stjórnýsla og Upplýsingatækni og rekstur.

Á skrifstofu forstjóra eru yfirdýralæknir, mannauðstjóri, gæðastjóri og fjármálastjóri.

Yfirdýralæknir er staðgengill forstjóra. Hann ber faglega ábyrgð á málefnum sem tengjast dýraheilsu og dýravelferð og stuðlar að samræmingu milli umdæma hvað þetta varðar.

Umdæmisstofurnar fjórar tilheyra Vettvangseftirliti og fara þær með stærsta hluta eftirlits stofnunarinnar. Markmið umdæmisstofanna er að stuðla að matvælaöryggi, velferð og heilbrigði dýra í umdæminu. Héraðsdýralæknir er yfirmaður umdæmisstofa, sér um rekstur þeirra og hefur yfirsýn yfir eftirlitsþörf í

umdæminu. Starfsfólk sem sinnir eftirliti tilheyrir umdæmisstofum og ber héraðsdýralæknir ábyrgð á að það fái fullnægjandi þjálfun. Umdæmisstofurnar gefa út starfsleyfi þegar það á við, sjá um að framkvæmd eftirlits sé samkvæmt áætlunum, að eftirfylgni sé sinnt og framkvæma þvinganir í samvinnu við svið Stjórnsýslu. Þær sjá einnig um samskipti við fyrirtæki í umdæminu vegna leyfisveitinga og eftirlits.

Á sviði Samhæfingar er Fiskeldisdeild og Inn- og útflutningsdeild og yfir þeim eru deildarstjórar sem heyra beint undir sviðsstjóra. Á sviðinu eru einnig fagsviðsstjórar og sérgreinadýralæknar.

Fiskeldisdeild sér um útgáfu rekstrarleyfa fiskeldis og eftirlit með þeim. Ekki er fjallað um eftirlit með rekstrarleyfum í þessari útgáfu LEMA. Dýralæknar fisksjúkdóma heyra einnig undir deildina.

Inn- og útflutningsdeild sér um rekstur landamærastöðva, eftirlit og önnur mál sem varða innflutning matvæla, fódurs, áburðar, gæludýra, erfðaefni dýra s.s sæði og frjóegg og útgáfu vottorða vegna útflutnings.

Fagsviðsstjórar og sérgreinadýralæknar heyra beint undir sviðsstjóra Samhæfingar. Þeim ber að tryggja að ákvarðanir og viðbrögð stofnunarinnar séu teknar á grundvelli bestu þekkingar á hverjum tíma. Hlutverk þeirra er að skilgreina eftirlitsþörf, sýnatökuáætlanir, leiðbeina um framkvæmd eftirlits, framkvæma þjálfun og tryggja samhæfingu milli eftirlitsfólks sem tengjast viðkomandi málaflokkum. Þeir stýra einnig ákvarðanatöku þegar þörf er á innan málaflokks og vinna að gerð laga og reglugerða og túlkun þeirra.

Stjórnsýslusvið veitir lögfræðilega ráðgjöf vegna löggjafar og aðgerða sem beitt er og er tengiliður við ytri úttektaaðila.

Upplýsingatækni og rekstur fer með upplýsingatæknimál, þróun upplýsingatæknilausna og gagnarunna, skjalavörslu og annað sem við kemur rekstri stofnunarinnar og þjónustu við starfsfólk.

3.1.2. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

Landinu er skipt í 9 heilbrigðiseftirlitssvæði skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Sveitarfélög á hverju svæði kjósa heilbrigðisnefnd sem síðan ræður heilbrigðisfulltrúa, sem starfa í umboði nefndanna. Heilbrigðiseftirlitið fer skv. 20. og 22. gr. laga um matvæli með veitingu starfsleyfa og eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla, ef frá eru talin stjórnsýsluverkefni sem sérstaklega eru falin Matvælastofnun skv. 6. gr. laganna. Þá sinnir heilbrigðiseftirlitið jafnframt eftirliti með hollustuháttum, umhverfisgæðum og mengandi starfsemi innan heilbrigðiseftirlitssvæða, skv. lögum nr. 7/1998.

Heilbrigðiseftirlitið annast stjórnsýslu, eftirlit, fræðslu og leiðbeiningar bæði til rekstaraðila og almennings um allt sem varðar starfssvið þess og varðar matvæli sbr. ákvæði laga nr. 93/1995 um matvæli. Heilbrigðiseftirlit hefur samvinnu sín á milli og við Matvælastofnun og fagráðuneyti eftir því sem við á.

Heilbrigðiseftirlitið hefur að markmiði að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengudu umhverfi og framfylgja að gæði, öryggi, rekjanleiki og merkingar matvæla standist lög. Þetta er gert með reglubundnu eftirliti skv. árlegum eftirlitsáætlunum, upplýsingamiðlun og fræðslu, rannsóknum og varúðarráðstöfunum svo eitthvað sé nefnt.

Meginstarfsemi opinbers eftirlits heilbrigðiseftirlits með matvælum er reglubundið eftirlit með starfsleyfis skyldum fyrirtækjum og stofnunum s.s. matvælaframleiðslu, dreifingarstöðvum, matsölufyrirtækjum, mótuneytum starfsfólks, veitingahúsum og annarri samsvarandi matarþjónustu ásamt verslunum og dreifingarstöðvum stórmarkaða og heilðsölumarkaða.

Eftirlit með frumframleiðslu matjurta (ræktun, uppskera, nýting villigróðurs) heyrir undir heilbrigðiseftirlitið. Matvælaframtækni sem annast frumframleiðslu matjurta þurfa ekki starfsleyfi en skulu tilkynna heilbrigðiseftirliti á sínu svæði um starfsemi sína. Aðilar sem pakka matjurtum í neytendaumbúðir skulu hafa starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti á svæðinu.

Helstu verkefni heilbrigðiseftirlitsins á sviði opinbers eftirlits eru:

- Reglubundið eftirlit
- Leyfisveitingar ýmis konar er snerta matvælaframleiðslu/-sölu; starfsleyfi, markaðssöluleyfi, torg og götusöluleyfi, leyfi v. bæjarhátíða o.fl.
- Sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi
- Skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga
- Umsagnir um veitinga- og gististaði vegna rekstrarleyfa, tímabundinna áfengisveitingaleyfa og tækifærisleyfa sem sýslumenn veita
- Ýmis eftirlitsverkefni
- Leiðbeiningar til viðskiptavina og almennings

Hvert heilbrigðiseftirlitssvæði heldur utan um upplýsingar um fyrirtæki á skrá, áhættu- og frammistöðumat, niðurstöður eftirlits og annað er á við er varðar reglur um skjalavistun og reglur þar um.

Upplýsingar um heilbrigðiseftirlit á landinu má finna á vefsvæðum viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs (HHK) -
 - Veffang: <https://www.heilbrigdiseftirlit.is> | Sími: 550 5400 |
 - Netfang: hk@heilbrigdiseftirlit.is
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER)
 - Veffang: <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit-reykjavikur> | Sími: 411 1111 |
 - Netfang: heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HVL)
 - Veffang: <https://hev.is/> | Sími: 431-2750 og 431-2740 |
 - Netfang: heilbrigdiseftirlit@vesturland.is
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (HVF)
 - Veffang: <https://hevf.is/> | Sími: 456 7087 |
 - Netfang: eftirlit@hevf.is
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV)
 - Veffang: <https://hnv.is/> | Sími: 453-5400 |
 - Netfang: sigurjon@hnv.is
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE)
 - Veffang: <https://www.hne.is/> | Sími: 462 4431 |
 - Netfang: hne@hne.is
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)
 - Veffang: <https://www.haust.is/> | Sími: 474 1235 |
 - Netfang: haust@haust.is
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HSL)
 - Veffang: <https://www.hsl.is/> | Sími: 480 8250 |
 - Netfang: hsl@hsl.is
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES)
 - Veffang: <https://www.hes.is/> | Sími: 420 3288 |
 - Netfang: hes@hes.is

Kort sem sýnir skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða á landinu má sjá á heimasíðu Samtaka heilbrigðiseftirlitsvæða á Íslandi. <https://shi.is/>

3.1.3. Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun, og er undir yfirstjórn umhverfis- og auðlindaráðuneytis, en hlutverk hennar er einnig markað af fjölda annarra laga, t.a.m. um dýraveiðar og veiðistjórnun, efnamál, hollustuhætti og mengunarvarnir, náttúruvernd og umhverfissábyrgð.

Markmið efnalaga nr. 61/2013 er annars vegar að tryggja að meðferð á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni, þ.m.t. plöntuverndarvörum, valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfi og hins vegar að efna skuldbindingar Íslands um frjálst flæði á vörum á innri markaði EES að því er varðar efni, efnablöndur og hluti sem innihalda efni. Þá er það markmið laganna að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga og fer með eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Í því skyni hefur stofnunin m.a. eftirlit með meðferð og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir lögin með samræmdum hætti á landinu öllu. Auk þess hefur stofnunin eftirlit með banni og takmörkunum á efnum, efnablöndum og efnum í hlutum og með vörum sem þurfa markaðsleyfi. Einnig skal stofnunin leiðbeina öðrum stjórnvöldum um þá þætti sem falla undir lögin og þau hafa þörf á til að sinna hlutverki sínu samkvæmt þeim.

[Stofnunin gefur út þriggja ára eftirlitsáætlun og áherslur í efnamálum 2021-2023](#), þar sem finna má upplýsingar m.a. um eftirlitsáætlun, forgangsröðun verkefna, framkvæmd eftirlits og áherslur í efnamálum.

Umhverfisstofnun tekur virkan þátt í norrænu samstarfi á vegum Norræna vinnuhópsins um efni, umhverfi og heilsu. Fulltrúar stofnunarinnar sitja m.a. í norræna plöntuverndarvörühópnum þar sem unnið er að samráði um leyfisveitingar og markaðssetningu plöntuverndarvara.

3.1.4. Vinnueftirlitið

[Vinnueftirlitið](#) starfar samkvæmt [lögum nr. 46/1980](#) um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem tóku gildi 1. janúar 1981, ásamt þeim reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.

Lykilþáttur í starfsemi stofnunarinnar er að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir og eftirlit með vinnuumhverfi, vinnuvélum og tækjum. Þá annast stofnunin fræðslu um vinnuvernd, virka innleiðingu öryggismenningar á vinnustöðum og innleiðingu markvissra aðferða í vinnuverndarstarfi.

3.2. Rannsóknastofur

Yfirlit yfir [opinberar rannsóknastofur](#) (innlendar og erlendar) sem tilnefndar eru og hafa þar með heimild til mælinga / greininga á sýnum teknum sem hluti af opinberu eftirliti (opinberar rannsóknastofur) má finna á vefsíðu Matvælastofnunar. Helsta forsenda þess að rannsóknastofa fái tilnefningu er að hún hafi faggildingu fyrir mælinguna. Sænska faggildingastofan, SWEDAC kemur reglulega til Íslands og tekur út rannsóknastofur fyrir hönd ISAC-faggildingarsviðs Hugverkastofu.

Á vefsíðunni eru einnig listar yfir rannsóknastofur sem Matvælastofnun tilnefnir til að sinna greiningum á mismunandi sýnagerðum vegna salmonellu.

Í yfirlitinu kemur einnig fram hvaða rannsóknastofur hafa verið tilnefndar sem landsbundnar tilvísunarrannsóknastofur (NRL) fyrir mismunandi greiningar.

4. Skipulag og stjórnun á opinberu eftirliti

Opinbert eftirlit í matvælakeðjunni byggir á reglugerð nr. 234/2020 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi með matvælum, fóðri o.fl. sem innleiðir reglugerð EB nr. 2017/625 (Eftirlitsreglugerðin). Opinberu eftirliti með löggjöf sem ekki heyrir undir EES samninginn er þó ekki skylt að fara eftir eftirlitsreglugerðinni.

Með matvælakeðju er átt við alla þætti frá hafi og haga til maga s.s. við ræktun og tínslu jurta, notkun plöntuverndarvara, eldi dýra, veiðar dýra og fiska, slátrun, framleiðslu og dreifingu matvæla og framleiðslu, dreifingu og notkun fóðurs.

Áætlanir um opinbert eftirlit byggjast á löggjöf sem gildir á hverju sviði. Eftirlitsáætlun skal gera til a.m.k. þriggja ára samkvæmt eftirlitsreglugerð. Hún byggist á löggjöf og einnig stefnu og markmiðum hvers lands og lögbærs yfirvalds.

Hér á eftir er lýsing á skipulagi og stjórnun eftirlits á þeim sviðum sem eftirlitsreglugerðin gildir um og talin eru upp í 1. gr., 2. tl. reglugerðar EB nr. 2017/625. Að auki er (að hluta) lýsing á eftirliti með löggjöf sem ekki heyrir undir EES samninginn og þar með eftirlitsreglugerðina.

Fyrirtæki í matvælakeðjunni bera ábyrgð á að uppfylla ákvæði laga og reglna. Hlutverk opinbers eftirlits er að staðfesta að fyrirtækin axli þessa ábyrgð.

Markmið opinbers eftirlits með matvælakeðjunni er að staðfesta að farið sé að lögum og reglum um hollustuhætti, stuðla að góðum starfsvenjum í viðskiptum með matvæli og vernda hagsmuni neytenda.

Reglubundið opinbert eftirlit skal vera áhættumiðað þar sem horft er m.a. til þeirrar áhættu sem fólgin er í hráefninu og framleiðsluaðferðinni, niðurstaðna úr eftirliti og áreiðanleika innra eftirlits fyrirtækjanna. Þá skal opinberu eftirliti sinnt með samræmdum hætti á landinu öllu samkvæmt skjalfestu verklagi.

4.1. Matvæli

Ábyrgð á eftirliti: Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fer skv. 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli með opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla annarra en þeirra sem Matvælastofnun hefur opinbert eftirlit með og talin eru upp í 6. grein sömu laga.

6. gr.

[Matvælastofnun annast opinbert eftirlit samkvæmt lögum þessum með:

- a. [allri frumframleiðslu matvæla, annarra en matjurta], ¹⁾
- b. innflutningi og útflutningi búfjárafurða,
- c. kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum, að undanskildum kjötvinnslum sem starfræktar eru í smásöluverslunum,
- d. mjólkurstöðvum og eggjavinnslu.] ²⁾
- [e.] ²⁾ smitsjúkdómum búfjár,
- [f.] ²⁾ meðferð, skoðun og mati á sláturafurðum,
- [g.] ²⁾ heilbrigðisskoðun eldisfisks,
- [h.] ²⁾ meðferð, flutningi, geymslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, að undanskilinni smásölu,
- [i.] ²⁾ innflutningi annarra matvæla en getið er í [a–h-lið], ²⁾ ³⁾
- [j. innflutningi [matvælasnertiefna] ⁴⁾. ⁵⁾

¹⁾ [L. 40/2016, 1. gr.](#) ²⁾ [L. 143/2009, 4. gr.](#) ³⁾ [L. 167/2007, 35. gr.](#) ⁴⁾ [L. 144/2019, 1. gr.](#) ⁵⁾ [L. 143/2013, 1. gr.](#)

4.1.1. Frumframleiðsla matvæla

Frumframleiðsla er framleiðsla, eldi eða ræktun undirstöðuafurða ásamt uppskeru, mjöltum og eldi dýra fram að slátrun. Frumframleiðsla tekur einnig til dýra og fiskveiða og nýtingar villigróðurs.

Frumframleiðsla matvæla annarra en matjurta

Ábyrgð: Matvælastofnun.

Matvælastofnun hefur opinbert eftirlit með allri frumframleiðslu matvæla annarra en matjurta skv. 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Það felur í sér eftirlit með fiskiskipum, aflameðferð og eldi dýra (fiska, sauðfjár, geitfjár, nautgripa, hrossa, svína, fugla o.s.frv.) til manneldis.

Áhættumats- og frammistöðuflokkunarkerfi er notað til þess að meta eftirlitsþörf starfsstöðva í frumframleiðslu. Afrakstur matsins segir til um hver tíðni opinbers eftirlits skal vera í hverri starfsstöð. Matið byggist bæði á dýravelferðarpáttum og öryggi matvæla.

- [Áhættu- og frammistöðuflokkun – Frumframleiðsla og annað dýrahald](#)
[Mat á eftirlitsþörf með frumframleiðslu og öðru dýrahaldi.](#)
- [Áhættuflokkun - Fiskeldi-rekstur og búnaður – Mat á eftirlitsþörf með fiskeldi.](#)

Opinbert eftirlit byggir á [skoðunarhandbókum](#) og öðrum eftirlitsáherslum og eftirlitsverkefnum sem stuðla að samræmi í eftirlitinu.

Eftirlitsgagnagrunnur Matvælastofnunar, Ísleyfur, heldur utan um upplýsingar um starfsstöðvar, áhættu- og frammistöðuflokkun, eftirlitsþörf, allar niðurstöður úr eftirliti, fjölda skoðana og tegundir eftirlits. Eftirlitsskýrslur fiskeldis varðandi rekstur og búnað eru birtar á [vef Matvælastofnunar](#).

Starfsstöðvar með frumframleiðslu dýraafurða er að finna á [lista yfir frumframleiðendur](#).

Frumframleiðsla matjurta.

Ábyrgð: Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Heilbrigðiseftirlitið hefur opinbert eftirlit með frumframleiðslu (ræktun) matjurta sbr. 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Áhættu- og frammistöðuflokkun fyrir framleiðslu á spírum úr fræjum er að finna í

- [Áhættu- og frammistöðuflokkun matvælafyrirtækja undir eftirliti heilbrigðisnefnda.](#)

Áhættu- og frammistöðuflokkun fyrir matvælafyrirtæki með aðra frumframleiðslu matjurta hefur ekki verið gefin út.

Upplýsingar um ræktun og þökkun matjurta á [vef Matvælastofnunar](#).

Hvert heilbrigðiseftirlitssvæði heldur skrá yfir ræktendur matjurta. Skráning á niðurstöðum eftirlits og skýrslugerð fara eftir verklagi hvers heilbrigðiseftirlits.

4.1.2. Framleiðsla og dreifing matvæla.

Framleiðsla dýraafurða

Ábyrgð: Matvælastofnun.

Matvælastofnun hefur opinbert eftirlit með framleiðslu dýraafurða þ.e. sláturhúsum, kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum (öðrum en þeim sem eru starfsræktar í smásöluverslunum), mjólkurstöðvum, eggjavinnslum, meðferð, flutningi, geymslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða (að undanskilinni smásölu) skv. 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi er notað til þess að meta eftirlitsþörf fyrirtækja sem framleiða matvæli úr dýraríkinu. Afrakstur þess segir til um hver tíðni opinbers eftirlits skal vera í hverri starfsstöð. Starfsstöð er staður sem hefur fengið starfsleyfi til framleiðslu og/eða dreifingu matvæla. Fyrirtæki getur verið með eina eða fleiri starfsstöðvar.

- [Áhættu- og frammistöðuflokkun fóður- og matvælafyrirtækja undir eftirliti Matvælastofnunar](#)

Opinbert eftirlit byggir á [skoðunarhandbókum](#) og öðrum eftirlitsáherslum og eftirlitsverkefnum sem stuðla að samræmi í eftirlitinu.

Eftirlitsgagnagrunnur Matvælastofnunar, Ísleyfur, heldur utan um upplýsingar um starfsstöðvar, áhættu- og frammistöðuflokkun starfsstöðva, allar niðurstöður úr eftirliti, tímafjölda eftirlits og tegundir eftirlits. Auk reglubundins eftirlits framkvæmir Matvælastofnun úttektir vegna umsókna um starfsleyfi. Einnig getur komið til viðbótareftirlits vegna eftirfylgni með úrbótum, ábendinga, gruns um brot eða brota sem uppvíst hefur orðið um.

- Lista yfir starfsstöðvar matvælafyrirtækja með starfsleyfi er að finna á [lista yfir samþykktar starfsstöðvar](#).

Framleiðsla matvæla annarra en dýraafurða og dreifing matvæla

Ábyrgð: Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Heilbrigðiseftirlitið fer með opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla annarra en þeirra sem Matvælastofnun hefur eftirlit með og taldar eru upp í 6. grein laga nr. 93/1995 um matvæli. Heilbrigðiseftirlitið fer m.a með eftirlit með matvöruverslunum, veitingastöðum, vatnsveitum, matvælavinnslum s.s samloku- og salatframleiðslu, gosdrykkja- og bjórframleiðslu, brauð-, kex -, sultu- og sælgætisframleiðslu.

Til þess að meta eftirlitsþörf starfsstöðva matvælafyrirtækja s.s. veitingahúsa og annarra stóreldhúsa, bakaría og matvöruverslana auk innflutnings- og dreifingaraðila hefur verið gefið út áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi sem áhættuflokkar starfsstöðvar og lýsir þörf þeirra fyrir opinbert eftirlit í starfsstöðinni í klst/ári. Áhættuflokkun byggir á sömu forsendum og áhættuflokkun fyrir opinbert eftirlit með starfsstöðvum sem framleiða matvæli úr dýraríkinu.

- [Áhættu- og frammistöðuflokkun matvælafyrirtækja undir eftirliti heilbrigðisnefnda](#)

Opinbert eftirlit byggir á [eftirlitshandbók](#) og öðrum eftirlitsáherslum og eftirlitsverkefnum sem stuðla að samræmi í eftirlitinu.

Hvert heilbrigðiseftirlitssvæði heldur skrá yfir matvælafyrirtæki undir þeirra eftirliti. Skráning á niðurstöðum eftirlits og skýrslugerð fara eftir verklagi hvers heilbrigðiseftirlitssvæðis.

4.1.3. Annað eftirlit á sviði matvæla

Heilbrigðisskoðun í sláturhúsum

Ábyrgð: Matvælastofnun.

Matvælastofnun fer með opinbert eftirlit í sláturhúsum, framkvæmir heilbrigðisskoðun fyrir og eftir slátrun og hefur eftirlit með velferð dýra.

Opinbert eftirlit fer fram daglega og byggir á [skoðunarhandbókum](#) og öðrum eftirlitsáherslum og eftirlitsverkefnum sem stuðla að samræmi í eftirlitinu.

Skráning á niðurstöðum eftirlits fer fram á sérstökum eyðublöðum skv. reglum í skoðunarhandbók.

Listar yfir sláturhús með starfsleyfi er að finna á [lista yfir samþykktar starfsstöðvar](#).

Innflutningur og útflytningur dýraafurða og annarra matvæla

Fjallað er um inn- og útflytningu í kafla 4.11..

Matvælasnertiefni

Ábyrgð: Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Matvælastofnun.

Heilbrigðiseftirlitið hefur opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvælasnertiefna, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlitið hafa eftirlit með notkun matvælasnertiefna í matvælafyrirtækjum sem eru undir þeirra eftirliti. Matvælastofnun fer með innflutningseftirlit með matvælasnertiefnum samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995.

Tíðni eftirlits með notkun matvælasnertiefna er samkvæmt áhættu- og frammistöðuflokkun matvælafyrirtækja. Framkvæmd þess eftirlits er samkvæmt [skoðunarhandbókum](#) fyrir matvæli.

Leiðbeiningar um [eftirlit með matvælasnertiefnum](#).

Nánari upplýsingar um reglur um matvælasnertiefni eru á [vefsíðu Matvælastofnunar](#).

Leifar plöntuverndarvara (varnarefnaleifar)

Ábyrgð: Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Matvælastofnun gerir árlega áætlun um sýnatökur vegna leifa plöntuverndarvara í grænmeti, ávöxtum, kornvörum og fleiri matvælum. Skipting sýna tekur mið af neyslu mismunandi tegunda og því hversu algengt er að slíkar leifar finnist í tegundinni. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga ber ábyrgð á framkvæmd sýnatöku og eftirfylgni.

Nánari upplýsingar um eftirlit með varnarefnaleifum eru á [vefsíðu Matvælastofnunar](#).

Skýrslu um niðurstöður eftirlits með varnarefnaleifum er skilað árlega til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) sem síðan notar þær í samantekt sína um varnarefnaleifar matvæla í Evrópu.

Efnaleifar í dýrum og dýraafurðum

Ábyrgð: Matvælastofnun.

Matvælastofnun útbýr árlega sýnatökuáætlanir samkvæmt kröfum í reglugerð nr. 30/2012 og ber ábyrgð á sýnatökum og eftirfylgni.

[Leiðbeiningar \(LBE-010\) um eftirlit með efnaleifum í afurðum dýra](#) lýsa framkvæmd við gerð sýnatökuáætlana og framkvæmd sýnatöku.

Upplýsingar um niðurstöður mælinga eru á [vefsíðu Matvælastofnunar](#).

Skýrslu um niðurstöður eftirlits með efnaleifum í dýraafurðum er skilað árlega til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA).

Súnur - Salmonella og kampýlóbakter

Fjallað er um opinbert eftirlit með súnum í kafla 4.4 um dýraheilbrigði.

Óæskileg efni í sjávarafurðum

Matís fær fjármagn frá Matvælaráðuneytinu til verkefnisins. Matvælastofnun tekur þátt í gerð sýnatökuáætlunar með Matís. Hafrannsóknarstofnunin og Matvælastofnun sjá um sýnatöku skv. leiðbeiningum frá Matís. Matís gefur árlega út skýrslu á ensku.

Skýrsla: Niðurstöður sívirkrar vöktunar á óæskilegum efnum í sjávarfangi úr auðlindinni 2020. [Undesirable substances in seafood – results from the Icelandic marine monitoring activities in the year 2020](#)

Tilkynningarskyldar örverur

Stjórnandi matvælafyrirtækis skal tilkynna til Matvælastofnunar komi upp grunur um að matvæli sem fyrirtækið hefur framleitt geti verið hættuleg neytendum skv. 8.gr.c. og 24. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Tilkynningaskyldan á við allt sem getur valdið því að matvæli geta valdið neytanda heilsutjóni sbr. þau viðmið sem hafa verið sett í reglugerðum sem og ef tilkynningaskyldar örverur sem geta valdið tilkynningarskyldum sjúkdómum greinast í matvælum sbr. reglugerð nr. 221/2012. Rannsóknastofu sem greinir tilkynningarskyldar örverur í matvælum ber að tilkynna það til Matvælastofnunar samkvæmt 24. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

4.2. Erfðabreytt ræktun utandyra til framleiðslu á matvælum eða fóðri

Ábyrgð á eftirliti: Umhverfisstofnun.

Lög nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.

Ekkert leyfi hefur verið gefið út á Íslandi til slíkrar ræktunar og því ekki þörf á opinberu eftirliti.

4.3. Fóður

Markmið opinbers eftirlits með fóðri er að staðfesta að farið sé að lögum og reglum um hollustuhætti, stuðla að góðum starfsvenjum í viðskiptum með fóður og vernda hagsmuni neytenda.

4.3.1. Framleiðsla fóðurs og hráefna til fóðurgerðar

Ábyrgð: Matvælastofnun

Áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi er notað til þess að meta eftirlitsþörf fyrirtækja sem framleiða fóður og segir til um hver tíðni opinbers eftirlits skal vera í hverri starfsstöð. Nánar um [Áhættu- og frammistöðuflokkun fyrirtækja](#).

Matvælastofnun framkvæmir úttektir vegna umsókna um starfsleyfi. Auk reglubundins eftirlits getur komið til viðbótareftirlits vegna eftirfylgni með úrbótum, ábendinga eða brota sem uppvíst hefur orðið um. Þá felst fóðureftirlit einnig í skráningu allra skráningarskyldra fóðurfyrirtækja og skráningu lyfjablandaðs fóðurs, fóðurukefna, forblandna fóðurukefna og alls fóðurs sem flutt er inn frá löndum utan EES. Eftirliti með fóðri er sinnt skv. [skoðunarhandbókum](#) sem birtar eru á vef stofnunarinnar.

Eftirlitsgagnagrunnur Matvælastofnunar, Ísleyfur, heldur utan um upplýsingar um starfsstöðvar, áhættu- og frammistöðuflokkun starfsstöðva, allar niðurstöður úr eftirliti, tímafjöld eftirlits og tegundir eftirlits.

Lista yfir starfsstöðvar fóðurfyrirtækja með starfsleyfi er að finna á [lista yfir samþykktar starfsstöðvar](#).

4.3.2. Afurðir frá matvælafyrirtækjum, nýttar í fóður eða til vinnslu aukaafurða dýra

Ábyrgð: Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Lög nr. 93/1995 og 22/1994.

Reglugerð 103/2010, Viðauki II kafli VI.

Samhliða eftirliti með matvælum í matvælafyrirtækjum sbr. kafla 4.1.2. er gengið úr skugga um að afurðir sem flokkaðar hafa verið sem óhæfar til manneldis mengi ekki matvælin og að meðferð þeirra sé í samræmi við kröfur ef á að nýta þær til fóðurgerðar eða ef þær flokkast sem aukaafurðir dýra.

Eftirliti er sinnt skv. [skoðunarhandbókum fyrir matvæli og fóður](#).

Niðurstöður eftirlits Matvælastofnunar eru skráðar í Ísleyf. Skráning á niðurstöðum eftirlits og skýrslugerð fara eftir verklagi hvers heilbrigðiseftirlitssvæðis.

4.3.3. Notkun fóðurs við eldi dýra (í frumframleiðslu)

Ábyrgð: Matvælastofnun.

Lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Samhliða eftirliti með dýrahaldi í frumframleiðslu sbr kafla 4.1.1 er haft eftirlit með að fóður sé frá samþykktu eða skráðu fóðurfyrirtæki, merkt viðeigandi dýrategund, rekjanleiki tryggður, þrif, meindýravarnir og aðskilnaður sé í lagi.

Eftirliti er sinnt skv. verklagi í skoðunarhandbókum og útgefnum gátlistum fyrir hinar ýmsu dýrategundir.

Niðurstöður eftirlits Matvælastofnunar eru skráðar í Ísleyf.

4.4. Dýraheilbrigði

Ábyrgð: Matvælastofnun skv lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Eftirlit með dýraheilbrigði miðast við að hindra og lágmarka smitsjúkdóma sem geta verið skaðlegir dýrum og mönnum.

Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, ber hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lögin ná yfir eða áður óþekktum sjúkdómi, að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Þessi vöktun dýraeigenda og almennings ásamt vakandi augum dýralækna er gífurlega mikilvæg í því skyni að koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar breiðist út. Sumir sjúkdómar eru þó þess eðlis að dýrin geta verið sýkt án þess að sjúkdómseinkenni komi fram og því nauðsynlegt að vakta þá með sýnatökum. Matvælastofnun metur hvaða sjúkdóma er mest þörf á að vakta hverju sinni. Við matið er tekið tillit til mögulegra smitleiða og sjúkdómastöðu í nágrannalöndum okkar og þeim löndum sem við eigum viðskipti við, jafnframt er farið eftir reglum alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) og viðskiptalanda okkar eftir því sem við á.

[Í skýrslu Matvælastofnunar um skimanir vegna smitsjúkdóma í dýrum](#) má sjá niðurstöður skimana og hvaða sjúkdómar eru vaktaðir reglulega í nautgripum, sauðfé, svínunum, hrossum, alifuglum, fiskum, skelfiskum, aliminkum, hundum, villtum refum, skordýrum, og hreindýrum.

Upplýsingar um sjúkdómastöðu hérlendis eru einnig birtar í skýrslu á ensku; [Animal Disease Notification and Surveillance](#).

Hér er fjallað sérstaklega um skyldur Íslands hvað varðar opinbert eftirlit með dýraheilbrigði skv. löggjöf sem fellur undir EES samning (þ.e. kúariðu (TSE), súnur og fisksjúkdóma). Einnig er hér fjallað um eftirlit með notkun lyfja í eldi dýra þar sem lyfjanotkun tengist heilbrigði dýra.

4.4.1. Kúariða (TSE)

Árlega eru tekin sýni úr nautgripum hérlendis til greiningar á kúariðu og er það í samræmi við skyldur skv. reglugerð 41/2012. Upplýsingar um fjölda sýna eru í kafla 2.7 í [skýrslu Matvælastofnunar um skimanir vegna smitsjúkdóma í dýrum](#).

Nánar um [eftirlit með kúariðu](#).

Árlega er skilað skýrslu til OIE og ESB um sýni sem tekin eru til greiningar á TSE sjúkdómum í nautgripum, sauðfé, geitfé og hreindýrum.

Alþjóðlega dýraheilbrigðismálastofnunin (OIE) hefur viðurkennt Ísland sem kúariðulaust land á sögulegum forsendum. Þar vegur þyngst að kúariða hefur aldrei greinst hér á landi, lífandi nautgripir hafa ekki verið fluttir inn síðan 1933, bannað hefur verið að flytja inn kjöt- og beinamjöl síðan 1968 og óheimilt hefur verið að fódra nautgripi á kjöt- og beinamjöli síðan 1978.

4.4.2. Sýklalyfjaónæmi

Ábyrgð: Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Vöktun á sýklalyfjaónæmi er í samræmi við reglugerð nr. 1000/2018. Matvælastofnun útbýr sýnatökuáætlun en framkvæmd sýnatöku er ýmist á ábyrgð Matvælastofnunar eða heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Einnig er sótt um fjármagn vegna eftirlitsverkefna á sviði sýklalyfjaónæmis í Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóð sem hýstur er í Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti.

Matvælastofnun gefur árlega út [skýrslu um niðurstöður eftirlitsverkefna og vöktunar á sýklalyfjaónæmi](#).

Skýrslu um niðurstöður vöktunar á sýklalyfjaónæmi er skilað árlega til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA)

4.4.3. Súnur

Súna er skilgreind sem sjúkdómur og/eða sýking sem smitast beint eða óbeint með náttúrulegum hætti á milli dýra og manna. Súnuvaldar eru hvers kyns tegundir veira, baktería, sveppa, sníkjudýra eða annarra líffræðilegra eininga sem geta valdið sjúkdómum sem berast milli dýra og manna.

Matvælastofnun fer með framkvæmd reglugerðar nr. 1048/2011 um vöktun súna og súnuvalda. Þessi reglugerð byggir á tilskipun Evrópusambandsins nr. 2003/99 um sama efni. Tilgangur reglugerðarinnar er að sjá til þess að súnur, súnuvaldar og ónæmi þeirra gegn sýklalyfjum sé vaktað á réttan hátt og tilhlýðileg faraldsfræðileg rannsókn fari fram þegar matarbornir sjúkdómar koma upp. Einnig er í gildi reglugerð nr. 1011/2011 um varnir gegn *Salmonella* og öðrum tilteknum súnuvöldum sem berast með matvælum. Þessi reglugerð innleiðir reglugerð Evrópusambandsins nr. 2160/2003 um sama efni auk þess sem hún inniheldur nokkur séríslensk ákvæði.

Matvælastofnun gefur út landsáætlanir um varnir og viðbrögð við salmonellu í alifuglum og svínum og við kampýlóbakter í alifuglum. Í landsáætlunum er nánari lýsing á sýnatökum við framleiðslu fódurs, við eldi dýra og við slátrun. Haft er eftirlit með sýnatökum framleiðenda í reglubundnu eftirlit með matvælum sbr. kafla 4.1. Landsáætlanir um varnir og viðbrögð eru endurskoðaðar reglulega.

- [Landsáætlun um varnir og viðbrögð gegn salmonellu í alifuglarækt](#)
- [Landsáætlun um varnir og viðbrögð gegn kampýlóbakter í alifuglarækt](#)
- [Landsáætlun um varnir og viðbrögð gegn salmonellu í svínarækt](#)

Við skipulagningu sýnatöku og viðbrögð vegna opinberra sýna sem Matvælastofnun tekur er unnið samkvæmt verkferli [VRF-011](#).

Niðurstöður vöktunar samkvæmt landsáætlunum eru birtar á mælaborði og í árlegum skýrslum

- [Mælaborð með niðurstöðum vöktunar vegna LÁVV í alifuglarækt](#)
- [Mælaborð með niðurstöðum vöktunar vegna LÁVV í svínarækt](#)
- [Árlegar skýrslur um súnur og sýklalyfjaónæmi](#)

Skýrslu um niðurstöður vöktunar á súnnum er skilað árlega til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA).

4.4.4. Fisksjúkdómar

Eftirlit með heilbrigði fiska fer fram í reglubundnu eftirliti með fiskeldi. Tíðni eftirlits og sýnatöku vegna sjúkdóma er byggð á viðmiðunarreglum fyrir áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit sem kveðið er á um í tilskipun 2006/88/EB (ísl. nr. 272/2013). Einnig geta ábendingar og upplýsingar um afföll sem rekstarleyfishafar skila reglulega til Matvælastofnunar, sbr. 55. gr. reglugerðar nr. 540/2020 leitt til aukins eftirlits og sýnatöku.

Í ársskýrslum fisksjúkdóma má sjá, fyrir hvaða smitsjúkdómum er skimað í fiskeldi sem og niðurstöður skimunar. Skimað er fyrir sjúkdómum af völdum baktería, sníkjudýra, sveppa og veira.

- [Ársskýrslur fisksjúkdóma](#)

Upplýsingar um sýnatökuáætlun og niðurstöður vöktunar á fisksjúkdómum hérlendis eru einnig birtar á enskri síðu um sjúkdómastöðu; [Disease status](#).

- [Surveillance programme with focus on notifiable fish diseases 2021](#)

4.4.5. Lyfjanotkun

Ábyrgð: Lyfjastofnun og Matvælastofnun.

Opinbert eftirlit með framleiðslu, dreifingu og notkun dýralyfja er í höndum tveggja stofnana, Lyfjastofnunar og Matvælastofnunar. Lyfjastofnun ber ábyrgð á leyfisveitingum og eftirliti með framleiðslu og dreifingu lyfja til þeirra sem fara með sölu þeirra (apótek, dýralækna) en Matvælastofnun fer með eftirlit með ávísun og notkun lyfja í dýr, þ.m.t. skráningu á notkun lyfja hjá þeim sem halda dýr.

Allir heildsalar fá a.m.k. eina eftirlitsheimsókn frá Lyfjastofnun á fimm ára tímabili. Stuðst er við gátlista við eftirlitið sem gerir ráð fyrir skoðun á dýralyfjum og sölu þeirra til dýralækna. Dreifing dýralyfja er nánast eingöngu með kaupum dýralækna á lyfjum í heildsölu og notkun þeirra í eigin starfsemi auk þess sem sjálfstætt starfandi dýralækna hafa lyfsöluleyfi. Eftirlit með smásölu dýralyfja er samkvæmt áhættumati og er framkvæmt einu sinni á 4-10 ára fresti. Stuðst er við gátlista við slíkt eftirlit.

Heimilt er að framleiða og dreifa lyfjablönduðu fóðri á Íslandi og er leyfisveiting á slíkri starfsemi ásamt eftirliti í höndum Lyfjastofnunar. Aðeins er heimilt að afhenda lyfjablandað fóður gegn lyfseðli dýralæknis.

Matvælastofnun fer með eftirlit með notkun og geymslu lyfja á starfsstöðvum með búfé sbr. kafla 4.1.1. Umráðamönnum búfjár ber að halda skráningar í hjarðbók um heilsufar dýra og lyfjameðhöndlun þeirra. Skráningar skulu aðgengilegar til 10 ára aftur í tímann.

4.5. Aukaafurðir dýra (ABP)

Ábyrgð: Matvælastofnun, Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, Umhverfisstofnun.

Reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Opinbert eftirlit fer fram skv. skoðunarhandbókum þannig:

- Í þeim matvælafyrirtækjum sem aukaafurðir dýra verða til: Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga samkvæmt skoðunarhandbókunum Matvæli úr dýraríkinu og Eftirlitshandbók heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga
- Með flutningsaðilum aukaafurða dýra: Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga skv. Eftirlitshandbók heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga
- Hjá vinnslustöðvum/pökkunarstöðvum fóðurs: Matvælastofnun skv. skoðunarhandbókinni Fóður

Listi yfir starfsstöðvar sem hafa starfsleyfi fyrir framleiðslu úr aukaafurðum dýra er á vef Matvælastofnunar, sjá ABP (Animal by-products) á [lista yfir samþykktar starfsstöðvar](#).

Ekki hefur verið gerð áhættuflokkun fyrir eftirlit með aukaafurðum dýra. Eftirlitstíðni í matvælafyrirtækjum þar sem ABP verður til og í fóðurfyrirtækjum sem vinna ABP ræðst af áhættu- og frammistöðuflokkun þeirra fyrirtækja sjá kafla 4.1. og 4.3.

Unnið er að skýrari skiptingu milli eftirlitsaðila á eftirliti með ýmsum sviðum aukaafurða dýra s.s. varðandi moltu og förgun, en reglugerðarákvæði skýra það ekki nægjanlega. Meginskiptingin er að Matvælastofnun er með vinnslueftirlit, en heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Umhverfisstofnun með umhverfiseftirlit.

Nánari upplýsingar um aukaafurðir dýra eru á [vefsíðu Matvælastofnunar](#).

4.6. Velferð dýra

Ábyrgð: Matvælastofnun skv. 4. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

Fagráð um velferð dýra er Matvælastofnun til ráðgjafar og til umsagnar við leyfisveitingar fyrir dýratilraunir, sjá 5. gr. laganna.

Grun um brot á ákvæðum laga nr. 55/2013 um velferð dýra skal tilkynna til Matvælastofnunar skv. 8. gr. laganna. Almennigur er hvattur til að nota ábendingakerfi á mast.is til þess. Matvælastofnun er skylt að kanna hvort tilkynningin er á rökum reist.

4.6.1. Velferð dýra í eldi

Reglugerðir um velferð alifugla, hrossa, minka, nautgripa, svína, sauðfjár og geitfjár.

Opinbert eftirlit fer fram skv. [skoðunarhandbókum](#) fyrir hinar ýmsu dýrategundir sbr. kafla 4.1.1. Við eftirlit með dýrategundum sem skoðunarhandbækur ná ekki yfir eru notaðir gátlistar.

[Áhættu-og frammistöðuflokkunarkerfi](#) er notað til að meta eftirlitsþörf hjá frumframleiðendum og öðrum sem halda dýr. Áhættan er metin út frá dýravelferð og matvælaöryggi.

Niðurstöður eftirlits eru skráðar í Ísleyf.

Daglegt eftirlit í sláturhúsum (sjá kafla 4.1.3. Heilbrigðisskoðun í sláturhúsum) getur leitt til athugasemda við velferð í eldi.

4.6.2. Velferð eldisfisks /lagardýra

Reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum. Þar segir að Matvælastofnun skuli sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og opinberu eftirliti á sviði velferðar og sjúkdóma í eldisdýrum eins og nánar er mælt fyrir um í reglugerðinni.

Áhættustig og tíðni eftirlits er metin skv. III viðauka rg. nr. 1254/2008.

Opinber skrá yfir eldisfyrirtæki skv. 6. gr og II. viðauka rg. nr. 1254/2008 er á [vef Matvælastofnunar](#).

4.6.3. Velferð dýra sem notuð eru í vísindalegum tilgangi

Reglugerð nr. 460/2017 um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni.

Við leyfisveitingar og reglubundið eftirlit með viðurkenndum tilraunadýrastöðvum eru notaðir gátlistar skv. reglugerð nr. 460/2017. Teknar eru stikkprufur á hæfisskírteinum starfsmanna og kannað hvort leyfi sé fyrir rannsóknum sem eru í gangi. Leyfisveiting fyrir einstökum rannsóknum er á höndum Matvælastofnunar eftir umsögn Fagráðs um velferð dýra.

4.6.4. Velferð gæludýra

Reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra.

Ekki er skipulagt opinbert eftirlit með gæludýrum, en brugðist er við ábendingum sem berast Matvælastofnun.

Starfsemi þar sem er varanlegt dýrahald eða þjónusta við dýr er tilkynningaskyld til Matvælastofnunar, þar er reglubundið eftirlit og gátlistar notaðir.

4.6.5. Velferð dýra í flutningi

Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi.

Ekki er skipulagt eftirlit með velferð dýra í flutningi, en brugðist er við ábendingum sem berast Matvælastofnun. Þegar ákvæði um námskeið og hæfisskírteini hafa tekið gildi skv. reglugerð verður stikkprufueftirlit með þeim.

Daglegt eftirlit í sláturhúsum (sjá kafla 4.1.3. Heilbrigðisskoðun í sláturhúsum) getur leitt til athugasemda við velferð í flutningum.

4.6.6. Velferð dýra við aflífun

Reglugerð 911/2012 um vernd dýra við aflífun.

Daglegt eftirlit við slátrun fer fram skv. [skoðunarhandbókum](#), þar sem fram koma gæðaskjöl sem unnið er eftir. Daglegt eftirlit er ekki byggt á kerfisbundinni áhættugreiningu. Daglegt eftirlit í sláturhúsum fer skv. skoðunarhandbókunum „Daglegt eftirlit við slátrun á sauðfé, svínunum og stórgripum“ og „Daglegt eftirlit við slátrun alifugla“.

Reglubundið eftirlit í sláturhúsum er áhættumiðað skv. áhættu- og frammistöðuflokkun fóður- og matvælafyrirtækja undir eftirliti Matvælastofnunar og miðast við áhættu vegna matvæla, en ekki vegna dýravelferðar. Reglubundið eftirlit í sláturhúsum fer skv. skoðunarhandbókinni „Matvæli úr dýraríkinu“. Eftirlitsskýrsla er gerð við reglubundið eftirlit, þar sem farið er yfir niðurstöður úr daglegu eftirliti, frávíkaskýrslur og hvort athugasemdum hefur verið sinnt og þeim framfylgt.

4.7. Verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum

Ábyrgð: Matvælastofnun

- Lög nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum
- Reglugerð nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum
- Reglugerð nr. 933/2017 um varnir gegn útbreiðslu plöntusjúkdóma
- Reglugerð nr. 455/2006 um eftirlit með kartöfluútsæði.

Markmið eftirlits með innflutningi plantna og plöntuafurða er að takmarka að sjúkdómar eða meindýr sem talin eru geta valdið miklum skaða berist til landsins og valdið gætu tjóni á innlendri plönturæktun. Einnig að hefða frekari útbreiðslu nýrra og hættulegra skaðvalda sem þegar eru komnir og vinna að útrýmingu þeirra teljist það mögulegt.

Allar tilkynningar um innflutning (sendingar) plantna berast í þjónustugátt Matvælastofnunar.

Eftirlit með innflutningi fer fram með skjalaskoðun á þeim gögnum sem fylgja sendingu hverju sinni. Ákvæði um hvenær heilbrigðisvottorð skal fylgja sendingu kemur fram í reglugerð nr. 189/1990. Almennt er ekki gerð vöruskoðun.

Eftirlit með kartöfluútsæði felst í skráningu og leyfisveitingu til kartöfluræktenda sem afhenda útsæði til sölu og dreifingar á almennum markaði.

4.8. Plöntuverndarvörur

Ábyrgð: Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, Matvælastofnun og Vinnueftirlit ríkisins bera ábyrgð samkvæmt eftirfarandi lýsingu.

Umhverfisstofnun skv. efnalögum nr.61/2013 sér um opinbert eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði. Þá vinnur stofnunin tillögu að [aðgerðaáætlun um notkun plöntuverndarvara](#) sem ráðherra gefur út.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur skv. efnalögum eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna og efnablandna í starfsleyfisskyldri og skráningarskyldri starfsemi sem heyrir undir starfsleyfi sem nefndirnar gefa út og/eða hafa eftirlit með á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heilbrigðiseftirlitið sér um skráningu á ræktendum matjurta skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og sinnir eftirliti með ræktun matjurta sbr. reglugerð um hollustuhætti er varða matvæli. Það sér einnig um framkvæmd sýnatöku á matjurtum til greiningar á efnaleifum plöntuverndarvara og aðgerðir þegar þörf er á.

Matvælastofnun gerir áætlun um sýnatökur á grænmeti og ávöxtum til greiningar á efnaleifum plöntuverndarvara sbr. kafla 4.1.3 og leiðbeinir heilbrigðiseftirlitinu um framkvæmd sýnatöku og viðbrögð.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með meðferð, notkun og merkingum hættulegra efna þ.m.t. plöntuverndarvörum á vinnustöðum skv. efnalögum og lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Vinnueftirlitið sér einnig um eftirlit með búnaði við beitingu plöntuverndarvara.

4.8.1. Eftirlit með markaðssetningu plöntuverndarvara.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði, sbr. hlutverk stofnunarinnar samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur. Allar plöntuverndarvörur sem settar eru á markað hér á landi skulu hafa markaðsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út og vera merktar í samræmi við gildandi reglur um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Opinbert eftirlit getur verið reglubundið eftirlit á eftirlitsáætlun, eftirlit þar sem óskað er eftir gögnum (skriflegt eftirlit) eða eftirlit í kjölfar ábendingar. Ef í ljós koma frávik við skriflegt eftirlit er því fylgt eftir með frekara eftirliti hjá eftirlitsþega og einnig getur komið til viðbótareftirlits vegna eftirfylgni með úrbótum. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar má finna upplýsingar um [framkvæmd og heimildir við efnaeftirlit](#).

Stofnunin framkvæmir reglubundið eftirlit þar sem skoðað er hvort plöntuverndarvörur sem eftirlitsþegi setur á markað hafi markaðsleyfi og hvort merkingar á þeim séu í samræmi við gildandi reglur. Eftirlit er framkvæmt á hverju vori þegar vörur vegna yfirstandi ræktunartímabils eru til staðar hjá eftirlitsþegum og ræðst umfang þess af mati stofnunarinnar á markaðshlutdeild og reglufylgni eftirlitsþega.

Eftirlit samkvæmt eftirlitsáætlun er boðað með tölvupósti til eftirlitsþega þar sem vísað er í umfjöllun um [fyrirhugað eftirlit á heimasíðu stofnunarinnar](#). Á eftirlitsstað er eftirlitsþega afhent tilkynning um eftirlitið og kvittun vegna eftirlits undirrituð.

Eftirlitsskýrsla er rituð þar sem fram kemur greinargóð lýsing á niðurstöðum eftirlitsins með tilvísunum í þau laga- eða reglugerðarákvæði sem eiga við og hvaða úrræða var gripið til. Ef engin frávik koma fram í eftirliti er eftirlitsþega sent málslokabréf ásamt eftirlitsskýrslu. [Eftirlitsskýrsla og bréf um niðurstöðu eftirlits eru birt á heimasíðu stofnunarinnar](#).

Ef frávik koma fram er eftirlitsþega sent bréf með kröfum um úrbætur ásamt eftirlitsskýrslu og veittur frestur til að bæta úr. Séu úrbætur ófullnægjandi er eftirlitsþegi upplýstur um það og leiðbeint um hvað þurfi að lagfæra til að úrbæturnar teljist fullnægjandi sbr. leiðbeiningaskyldu stjórnsýslulaga. Eftir atvikum er viðbótarfrestur veittur m.t.t. alvarleika frávika og umfangi úrbóta. Ef staðfestar úrbætur eru taldar fullnægjandi er eftirlitsþega sent málslokabréf. Ef ekki er orðið við kröfum um úrbætur er málið

sent lögfræðingi stofnunarinnar til frekari eftirfylgni svo sem með beitingu þvingunarúrræða eða viðurlaga.

Umhverfisstofnun er heimilt að beita þvingunarúrræðum þegar eftirlitsþegi sinnir ekki fyrir mælum eða vörur uppfylla ekki skilyrði efnalaga og reglugerða settra skv. þeim. [Þvingunarúrræði](#) geta falið í sér áminningu og frest til úrbóta, dagsektir og takmörkun á markaðssetningu eins og tímabundna stöðvun markaðssetningar eða stöðvun markaðssetningar. Enn fremur er stofnuninni heimilt að beita [viðurlögum](#) sem geta m.a. falið í sér haldlagningu á vörum, álagningu stjórnvaldssekta og kæru til lögreglu.

Umhverfisstofnun framkvæmir einnig árlegt eftirlit með innflutningi á plöntuverndarvörum og með sölu á notendaleyfis skyldum plöntuverndarvörum, þar sem óskað er eftir gögnum (skriflegt eftirlit). Í upphafi hvers árs skulu fyrirtæki sem markaðssetja plöntuverndarvörur gera Umhverfisstofnun grein fyrir magni þeirra fyrir undangengið ár sbr. 20. gr. efnalaga. Einnig ber fyrirtækjum sem markaðssetja notendaleyfis skyldar plöntuverndarvörur að afhenda Umhverfisstofnun árlega skrá fyrir sölu þeirra ásamt upplýsingum um kaupanda og selt magn sbr. 24. gr. efnalaga.

Opinbert eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði er framkvæmt skv. skjalfestum verkferli um efnaeftirlit í gæðahandbók stofnunarinnar.

4.8.2. Eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna á vinnustöðum.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með því að meðferð, notkun og merkingar efna á vinnustöðum sé samkvæmt efnalögum. Eftirlit á sér stað hjá aðilum sem nota notendaleyfis skyldar vörur þar sem m.a. er gerð úttekt á aðstöðu og búnaði til dreifingar plöntuverndarvara.

4.8.3. Eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfis- og skráningarskyldri starfsemi.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með því að meðferð, notkun og merkingar efna og efnablandna í starfsleyfis- eða skráningarskyldri starfsemi sé í samræmi við efnalög. Leiki grunur á um brot á þáttum sem falla undir löggin í eftirliti heilbrigðisnefndar skal hún tilkynna um það til Umhverfisstofnunar sem fer með þvingunarúrræði og viðurlög samkvæmt þeim.

4.8.4. Eftirlit með efnaleifum plöntuverndarvara í matvælum

Fjallað er um leifar plöntuverndarvara í kafla 4.1.3

4.9. Lífræn framleiðsla

Ábyrgð: Matvælastofnun, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

Matvælastofnun fer með stjórnábyrgð og opinbert eftirlit skv. lögum nr. 31/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fer með opinbert eftirlit á markaði og fylgir því eftir að ef vörur eru merktar eða auglýstar með vísan í lífrænar framleiðsluaðferðir, sé til staðar vottorð sem staðfestir að framleiðslan uppfylli kröfur reglugerða um lífræna framleiðslu.

Umsóknir um notkun á óvottaðri sáðvöru, undanþágu frá reglum eða afturvirka aðlögun að reglum eru afgreiddar af Matvælastofnun skv. [VLY-108](#).

Matvælastofnun hefur falið vottunarstofunni Tún að annast eftirlit og vottun þeirra sem stunda lífræna framleiðslu eða dreifingu á lífrænum matvælum. Vottunarstofan Tún er með faggildingu frá faggildingarsviði Hugverkastofunnar.

Framkvæmd eftirlits með vottuðum framleiðendum er í höndum vottunarstofunnar Tún og er unnið eftir verkferlum þeirra sem byggja á þeim kröfum sem settar eru í reglugerðum ESB um lífræna framleiðslu. Vottaðir aðilar eru teknir út hið minnsta einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili og til viðbótar skulu 10 % vottaðra aðila fá óboðaða eftirlitsheimsókn. Einnig er áhættumiðað viðbótareftirlit sem nemur 10% af vottuðum aðilum. Áhættan er reiknuð út frá stigagjöf sem byggir á niðurstöðum eftirlits, (fjöldi og alvarleiki frávik) hvort stunduð sé samhlíða vottuð lífræn og hefðbundin starfsemi og fleiri atriðum sem skipta máli. Krafa er um lágmarks sýnatöku sem svarar því að sýni sé tekið hjá 5 % af vottuðum aðilum til greininga á efnum sem skipta máli við eftirlit með lífrænni framleiðslu.

Frávik sem upp koma í eftirliti vottunarstofu eru metin út frá „[skrá yfir ráðstafanir vegna frávik](#)“ sem gefin er út af Matvælastofnun og birt á heimasíðu stofnunarinnar. Mat á frávikum og eftirfylgni eru hluti af eftirliti Matvælastofnunar með störfum Vottunarstofu. Alvarleg frávik skal alltaf tilkynna til Matvælastofnunar. Ef frávik verða til þess að vörur eða vottaður rekstaraðili missi vottun eru þvingunaraðgerðir á ábyrgð eftirlitsaðila, Matvælastofnunar eða Heilbrigðisnefndar, eftir því sem við á skv. [VLY-109](#).

Vottunarstofan heldur [skrá yfir vottaða aðila](#) og birtir á heimasíðu sinni.

Vottunarstofa skilar árlegum skýrslum til Matvælastofnunar. Matvælastofnun skilar skýrslum árlega í OFIS gagnagrunn ESB.

Eftirlit með störfum vottunarstofu er á höndum Matvælastofnunar. Það er framkvæmt árlega og felur í sér skjalaskoðun, skrifstofuúttekt og úttekt á vettvangseftirliti vottunarstofu. Eftirlitið er unnið samkvæmt vinnulýsingu [VLY-114](#).

Innflutningur lífrænnar framleiðslu frá löndum utan EES, sjá kafla 4.11. Inn- og útflutningur.

4.10. Vernduð afurðaheiti

Ábyrgð: Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlitið hafa opinbert eftirlit með notkun skráðra afurðarheita fyrir matvæli og er verkaskipting eins og lýst er í upphafi kaflans um matvæli. Heilbrigðiseftirlitið sinnir jafnframt eftirliti með notkun skráðra afurðarheita fyrir allar aðrar afurðir en matvæli sem falla undir gildissvið laganna.

Lög nr. 130/2014 um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu.

Tilgangur laganna er að vernda afurðarheiti sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu með það að markmiði að stuðla að neytendavernd, auka virði afurða og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti. Með lögunum er einnig kveðið á um vernd erlendra afurðaheita skv. milliríkjasamningi milli Íslands og Evrópusambandsins "um vernd landfræðilegra merkinga landbúnaðarfurða og matvæla". Samningurinn tók gildi 1. maí 2016.

Í eftirliti felst greining á því hvort framleiðandi eða dreifingaraðili afurðar sem notar skráð afurðarheiti uppfylli skilyrði og afurð sé framleidd eða hennar aflað í samræmi við afurðarlýsingu. Eftirliti með rétttri notkun skráðra afurðarheita fyrir matvæli er sinnt skv. skoðunarhandbókum fyrir matvæli.

Niðurstöður eftirlits Matvælastofnunar eru skráðar í Ísleyf. Skráning á niðurstöðum eftirlits og sýrslugerð fara eftir verklagi hvers heilbrigðiseftirlitssvæðis.

Eftirfylgni Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlitsins fer skv. sömu reglum og gilda um matvælaeftirlit og heimildir til þvingunaraðgerða eru þær sömu. Hvað viðurlög varðar er sá munur á að bæði heilbrigðiseftirlitið og Matvælastofnun geta lagt á stjórnvaldssektir fyrir brot á lögum um vernd afurðarheita. Slíka almenna heimild til stjórnvaldssekta er ekki að finna í lögum um matvæli.

[Skoðunarhandbækur](#) og [upplýsingar](#) um vernd afurðaheita má finna á [mast.is](#).

4.11. Innflutningur og útflutningur

Ábyrgð: Matvælastofnun, þó er Umhverfisstofnun með plöntuverndarvörur

Með innflutningi og útflutningi er hér átt við flutning vara (matvæla, matvælasnertiefna, fódurs, aukaafurða dýra, plöntuverndarvara) til og frá löndum utan EES-svæðis. Einnig innflutning og útflutning lifandi dýra og plantna til og frá löndum innan og utan EES svæðis.

Upplýsingar um innflutningseftirlit er að finna á mast.is.

4.11.1. Innflutningur matvæla sem eru af dýrauppruna

Matvælastofnun ber ábyrgð á eftirliti með dýraafurðum og lifandi fiskeldisdýrum á landamærastöðvum. Landamærastöð er starfrækt á Keflavíkurlugvelli fyrir innflutning dýraafurða, lifandi fiska og gæludýra. Aðrar landamærastöðvar eru í Hafnarfirði, Reykjavík og Þorlákshöfn. Tollgæslan er ábyrg fyrir eftirliti með farangri farþega. Landhelgisgæslan er ábyrg fyrir eftirliti með skipum í landhelginni. Matvælastofnun hefur samvinnu við Tollgæsluna við að auðkenna farma sem eru skoðunarskyldir. Matvælastofnun og Tollgæslan halda mánaðarlega fundi til að fara yfir verkferla og tryggja samstarf og gagnsæi.

EES löggjöfin, sem hefur verið innleidd hér landi, gildir um innflutning dýraafurða frá löndum utan EES, en Ísland er með undanþágu frá Viðauka I í EES samningnum varðandi viðskipti með lifandi dýr önnur en fisk og fiskeldisdýr. Þessi undanþága gildir líka um kímefni s.s. egg, fósturvísu og sæði.

Leyfi þarf frá Matvælastofnun fyrir innflutningi á óhitameðhöndluðum búfjárafurðum sem framleiddar eru í ríkjum utan EES.

Heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum er samkvæmt reglugerð um opinbert eftirlit nr. 234/2020. Fyrir innflutning matvæla af dýrauppruna berast tilkynningar fyrirfram í TRACES kerfinu. Matvælastofnun hefur aðgang og fær farmskrár frá flutningafyrirtækjum til samanburðar við tilkynningarnar. Sendingar sem þurfa heilbrigðiseftirlit Matvælastofnunar eru einkenndar í tölvukerfi Tollsins og er flaggað til að vekja athygli. Til samanburðar fær Matvælastofnun lista yfir farma matvæla af dýrauppruna frá Tollinum og sýr upplýsingar um uppruna farmsins hvort hann er frá EES eða löndum utan EES.

Heilbrigðiseftirlit með matvælum (og fódri) af dýrauppruna:

- Lög nr. 93/1995 um matvæli
- Lög nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og frævöru
- Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim
- Reglugerð nr. 168/2011 um skilyrði og kröfur vegna útgáfu heilbrigðisvottorða við markaðssetningu lagareldisdýra, afurða þeirra og innflutning þeirra inn á EES-svæðið og um skrá yfir tegundir smitferja
- Reglugerð nr. 234/2020 um opinbert eftirlit með matvælum, fódri o.fl.

Tíðni heilbrigðiseftirlits með afurðum af dýrauppruna er ákvörðuð skv. reglugerð nr. 487/2020.

Tíðni rannsóknastofugreininga á sendingum er skv. sýnatökuáætlun. Sú áætlun er byggð á eðli afurða og áhættu sem þeim fylgir og tekur mið af öllum viðeigandi þáttum s.s. tíðni, fjölda sendinga og niðurstaðna fyrri mælinga. Sýnatökuáætlunin er endurskoðuð árlega.

Ef skoðun skjala, auðkenna og eftirlit með ástandi sýnir að allt er í lagi, er samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal (CHED) gefið út. Innflytjandi sendir þá skjöl um innflutningsheimild (clearance import documents) til Tollsins til að leysa út sendinguna.

Ef ósamræmi er uppgötvað eða skilyrði reglugerða fyrir innflutningi eru ekki uppfyllt er sendingu hafnað.

Fyrir löndun á frystum fiskafurðum úr skipum frá löndum utan EES, er tekið við fyrirframtilkynningu gegnum TRACES kerfið. Ef um frystiskip er að ræða þarf yfirlýsingu skipstjóra, en frá vinnsluskipum þarf heilbrigðisvottorð.

Flutningafyrirtæki tilkynna umflutning (transit) og umfermingu (transshipment) sendinga af dýrauppruna í TRACES ef þau fara yfir tímamörk skv. reglugerð 505/2020. Tímamörkum er fylgt eftir og þau skráð hjá Matvælastofnun.

4.11.2. Innflutningur matvæla og fódurs sem ekki eru af dýrauppruna

Ábyrgð: Matvælastofnun.

Eftirlit felst einkum í

- varnarefnaþælingum (sjá kafla um matvæli)
- þátttöku í RASFF viðvörðunarkerfi Evrópusambandsins fyrir matvæli og fódur
- skjalaskoðun vegna matvæla sem sæta sérstökum takmörkunum í löggjöf og þegar innflutningsheimildar er krafist skv. löggjöf.

Upplýsingar um innflutning matvæla sem ekki eru af dýrauppruna eru á mast.is

Upplýsingar um innflutning fódurs eru á mast.is

4.11.3. Innflutningur plantna og plöntuafurða

Ábyrgð: Matvælastofnun.

Sjá kafla 4.7. Verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum. Upplýsingar um innflutning plantna eru á mast.is Matvælastofnun annast eftirlit og vottun vegna plöntuheilbrigðis við innflutning plantna og plöntuafurða. Kröfur sem plöntur og plöntuafurðir verða að uppfylla við innflutning til Íslands má finna í reglugerð nr. 189/1990 með síðari breytingum. Jafnframt þarf að afla leyfis Umhverfisstofnunar sé um framandi tegund að ræða en óheimilt er að flytja inn framandi lífverur án leyfis stofnunarinnar.

4.11.4. Innflutningur plöntuverndarvara

Ábyrgð: Umhverfisstofnun.

Fjallað er um innflutning á plöntuverndarvörum í kafla 4.8.1.

4.11.5. Innflutningur lífrænna matvæla og fódurs

Evrópusambandið (ESB) gefur út lista yfir lönd utan EES og eftirlitsaðila í þeim sem starfrækja eftirlitskerfi sem talin eru jafngild kröfum ESB um lífræna framleiðslu og merkingar hennar. ESB starfrækir rafrænt innflutningseftirlit sem nefnt er TRACES NT (Trade Control and Expert System) og heldur utan um útgáfu skoðunarvottorða sem fylgja öllum vörusendingum frá löndum utan EES.

Matvælastofnun hefur yfirumsjón með framkvæmd reglugerða um innflutning lífrænna afurða frá löndum utan EES til Íslands. Matvælastofnun úthlutar vottunarstofu og innflytjendum aðgang að rafrænu innflutningseftirliti ESB, TRACES NT. Þá sannprófar Matvælastofnun og samþykkir skoðunarvottorð sem fylgja þurfa hverri sendingu innflutnings.

Vottunarstofan Tún annast úttekt á starfsemi innflytjenda og fyrstu viðtakenda afurða frá löndum utan EES, vottar þá og hefur reglubundið eftirlit með starfsemi þeirra.

Afurðir, sem fluttar eru inn frá löndum utan EES, má markaðssetja hér á landi (og þar með innan EES) með tilvísun til lífrænna aðferða, þar með talið þær sem ætlaðar eru til að hagnýta í vinnslu lífrænna afurða, að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

- Afurðirnar voru framleiddar með aðferðum sem eru sambærilegar (equivalent) við þær sem tilgreindar eru í reglugerð nr. 477/2017 um lífræna framleiðslu og merkingar lífrænna vara og framkvæmdareglur hennar (reglur Evrópusambandsins).
- Framleiðsla afurðanna var undir eftirliti og vottun eftirlitsaðila (control body/control authority) í 3ja ríki, samkvæmt reglugerð nr. 481/2017, og sá eftirlitsaðili er samþykktur af ESB og er tilgreindur í viðaukum III eða IV við reglugerð ESB nr. 1235/2008, með síðari breytingum.
- Með hverri sendingu afurðanna fylgir skoðunarvottorð (Certificate of Inspection) útgefið af eftirlitsaðila eða -yfirvaldi í 3ja ríki sem staðfestir ofangreint. Innflytjandi framvísar vottorðinu til Matvælastofnunar til staðfestingar og varðveitir síðan í minnst tvö ár.
- Hver sending er skráð í TRACES NT.
- Innflytjandi (importer) og fyrsti viðtakandi (first consignee) afurðanna skulu hafa vottun faggildrar vottunarstofu til innflutnings og/eða dreifingar á afurðunum.

Afurðir sem koma til Íslands frá löndum utan EES í gegnum Evrópu eru í frjálsum flæði en þær hafa þá farið í gegnum þetta ferli í því landi sem þær komu fyrst inn á EES svæðið.

Íslenskir lögaðilar og einstaklingar sem eru innflytjendur og/eða fyrstu viðtakendur lífrænna afurða á EES svæðinu frá löndum utan þess (3ju ríkjum) sækja um vottun Túns til þeirrar starfsemi. Hafi slíkir aðilar þegar vottun Túns til framleiðslu lífrænna afurða skulu þeir sækja um að bæta innflutningi og/eða dreifingu afurða frá löndum utan EES svæðisins við núverandi vottun.

Innflytjandi sækir um aðgang að [TRACES NT](#). Hægt er að leita til Matvælastofnunar ef vandkvæði koma upp við að fá aðgang.

Innflytjandi framvísar skoðunarvottorði hverrar sendingar til Matvælastofnunar í gegnum TRACES NT gagnagrunninn. Matvælastofnun sannprófar uppruna og vottun afurðanna og samþykkir afhendingu vörusendingarinnar til fyrsta viðtakanda og frekari dreifingar.

Ef búta á sendingu niður í smærri einingar fyrir fyrstu afhendingu (t.d. til áframsendingar á fleiri en einn fyrsta viðtakanda eða til vinnslustöðva), skal innflytjandi auk þess útfylla útdrátt skoðunarvottorðs (extract of Certificate of Inspection) fyrir hverja einingu, byggðan á upprunalega skoðunarvottorðinu, og framvísa þeim síðan öllum til Matvælastofnunar til sannprófunar og samþykkis.

Við móttöku kannar fyrsti viðtakandi hvort vörusendingin sé í lokuðum umbúðum og hvort frágangur hennar og merkingar samrýmist upplýsingum í skoðunarvottorðinu. Ef svo reynist vera áritar fyrsti viðtakandi viðeigandi reit skoðunarvottorðsins og sendir vottorðið síðan til innflytjanda sem varðveitir það í minnst tvö ár til skoðunar við eftirlit og úttektir Túns og Matvælastofnunar.

4.11.6. Innflutningur dýra

Matvælastofnun fer með eftirlit með innflutningi lifandi dýra (svo og frjóvgaðra eggja og sæðis) í samræmi við lög nr. 54/1990 um innflutning dýra. Lögin kveða á um almennt bann við innflutningi en Matvælastofnun er heimilt að veita undanþágu frá banni að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Auk þess kveða eftirtaldir reglugerðir sérstaklega á um heimild og skilyrði vegna innflutnings:

- Reglugerð nr. 859/2002 um innflutning loðdýra
- Reglugerð nr. 560/2010 um innflutning á djúpfrystu svínasæði
- Reglugerð nr. 850/2015 um innflutning erfðaefnis holdanauta og kröfur um útbúnað einangrunarstöðva

- Reglugerð nr. 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis
- Reglugerð nr. 200/2020 um innflutning hunda og katta

Þegar um er að ræða nýjar dýrategundir / framandi lífverur skal leyfi Umhverfisstofnunar liggja fyrir skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk leyfis Matvælastofnunar.

Innflutningur dýra krefst í öllum tilfellum heilbrigðisvottorðs sem útgefið er af dýralækni í útflutningslandi og staðfestir skilyrði sem fram koma í reglugerðum eða sem settar eru af Matvælastofnun, auk einangrunar þar sem fylgst er með heilsufari.

4.11.7. Útflutningur dýraafurða

Matvælastofnun gefur út heilbrigðisvottorð vegna dýraafurða sem fluttar eru til ríkja utan EES. Ekki er krafa um heilbrigðisvottorð vegna dýraafurða sem dreift er innan EES, á grundvelli EES samningsins og matvælalöggjafar ESB.

86. - 91. gr. reglugerðar ESB nr. 2017/625 kveða á um opinbera vottun. Opinber vottorð skulu gefin út af þjálfuðum vottunarmönnum tilnefndum af lögbæru yfirvaldi og á grundvelli opinbers eftirlits og staðreyndum sem vottunarmaður getur sannreynt. Jafnframt er stuðst við alþjóðlega staðla Codex Alimentarius um vottun.

Vottun Matvælastofnunar staðfestir að skilyrði móttökuríkis séu uppfyllt en þau byggja á löggjöf viðkomandi ríkis og eru því ólík eftir því hvaða vöru og hvaða ríki er um að ræða. Í sumum tilfellum eru gerðar kröfur umfram þær sem gilda hérlendis, t.d. hvað varðar sýnatökur. Áður en útflutningur hefst eiga sér jafnan stað töluverð samskipti við yfirvöld viðkomandi lands. Matvælastofnun gerir grein fyrir löggjöf og eftirlitskerfi hérlendis og sýnir fram á að afurðin uppfylli kröfur móttökuríkisins. Í einhverjum tilfellum eru framkvæmdar úttektir sem ná þá gjarnan bæði yfir framleiðendur, vinnslustöðvar og framkvæmd eftirlits.

Útgáfa vottorða um búfjárafurðir byggir í nær öllum tilfellum á hleðslustaðfestingum. Hleðslustaðfestingar eru gefnar út af eftirlitsdýralækni við skoðun viðkomandi sendingar og er tilgangur skoðunarinnar að sannreyna upplýsingar sem koma fram í vottorði auk þess að staðfesta að vörurnar hafi verið framleiddar í samræmi við gildandi reglur. Vottorð fyrir aðrar afurðir byggja jafnan á gögnum sem útflytjandi leggur fram auk upplýsinga sem stofnunin aflar við framkvæmd reglubundins eftirlits með framleiðanda.

Umsækjendur vottorða senda beiðni til Matvælastofnunar með tölvupósti og eru gögn vistuð ýmist í málakerfi stofnunarinnar eða á sérstöku drifi. Vottorð eru gefin út á pappír og undirrituð og stimpluð og afhent/send umsækjanda og skannað afrit vistað.

4.11.8. Útflutningur dýra

Matvælastofnun gegnir því hlutverki að votta eða árita (staðfesta) heilbrigðisvottorð vegna útflutnings dýra og kímefnis. Ísland er þriðja ríki gagnvart Evrópusambandinu hvað lífandi dýr varðar. Það er í höndum opinberra dýralækna að staðfesta að kröfur móttökuríkis séu uppfylltar.

4.11.9. Útflutningur plantna eða plöntuafurða

Matvælastofnun gefur út heilbrigðisvottorð vegna útflutnings plantna eða plöntuafurða. Löggjöf ESB um plöntuheilbrigði tilheyrir ekki EES samningnum og er Ísland því þriðja ríki gagnvart ESB í þessu samhengi. Forsenda þess að Matvælastofnun geti gefið út heilbrigðisvottorð, er að kunnugt sé um gildandi innflutningsreglur viðkomandi lands og að plönturnar eða plöntuafurðirnar uppfylli þær kröfur sem innflutningslandið setur varðandi plöntuheilbrigði.

5. Sannprófun og samhæfing

Mikilvægt er að fylgjast með hagkvæmni, skilvirkni og árangri opinbers eftirlits við að ná fram markmiðum löggjafar sem lýsir eftirliti með matvælum og fóðri, dýraheilsu og dýravelferð og bregðast við með viðeigandi úrbótum þegar þess er þörf. Skilgreint hefur verið sannprófunarkerfi fyrir opinbert eftirlit sem sett er fram til þess að skýra og skilgreina hlutverk þeirra sem að opinberu eftirliti koma við að framfylgja þeirri stefnu sem lagt er upp með, sannprófa skilvirkni eftirlitsins og grípa til aðgerða þegar umbóta er þörf.

Sannprófunarkerfi á skilvirkni opinbers eftirlits er byggt upp á þrem meginstoðum. Þessir þrjú þættir skulu tryggja að sannprófun eigi sér stað á framkvæmd, skilvirkni og árangri í opinberu eftirlit með matvælum, fóðri, dýraheilsu og dýravelferð.



5.1. Úttektir

5.1.1. Innri úttektir

Matvælastofnun starfrækir kerfi innri úttekta á opinberu eftirliti með matvælum, fóðri, heilbrigði og velferð dýra. Gefnar eru út árlegar áætlanir um innri úttektir þar sem lýst er umfangi úttekta og úttektarþegum. Langtíma úttektaáætlun til margra ára (LÚMA) lýsir áætlun um áherslur og efni innri úttekta á fimm ára tímabili. Nánari upplýsingar um innri úttektir og úttektakerfi og áætlanir eru á [vefsíðu Matvælastofnunar](#).

5.1.2. Ytri úttektir

Á hverju ári koma til landsins aðilar í þeim tilgangi að taka út starfsemi Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga eða til að gera úttekt á þeim framleiðslufyrirtækjum sem hafa leyfi til útflutnings til tiltekinnna ríkja utan EES. Útkoma þeirra getur haft áhrif á útflutningshagsmuni Íslands og möguleika fyrirtækja á aðgangi að erlendum mörkuðum með vörur sínar sem og á gagnkvæma viðurkenningu erlendra systurstofnana Matvælastofnunar á opinberu eftirliti sem stofnunin sinnir.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur eftirlit með því að skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum séu efndar, löggjöf samningsins innleidd hér á landi og opinbert eftirlit sé í samræmi við löggjöfina. Í þeim tilgangi framkvæmir ESA árlegar úttektir og tekur út opinbert eftirlit á afmörkuðu sviði í hvert sinn. Lokaskýrslur úttektanna má finna á [vefslóð ESA](#).

5.2. Samhæfing

5.2.1. Gæðakerfi og skráð verklag

Skilgreint ferli við framkvæmd leyfisveitinga og eftirlits er mikilvægur grunnur að samræmdum vinnubrögðum starfsfólks í eftirliti. Matvælastofnun hefur skilgreint ferli fyrir leyfi, eftirlit og sýnatökur og er það birt í gæðahandbók og aðgengilegt á ytri vef stofnunarinnar. Ferlið byggist á verklagsreglum, vinnulýsingum, gátlistum, sérstökum leiðbeiningum, áhættuflokkunarkerfi, skoðunarhandbókum og gagnagrunni eftirlits Ísleyfi.

Matvælastofnun hefur gefið út áhættuflokkunarkerfi og eftirlitshandbók fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Í eftirlitshandbókinni eru tillögur að verklagi og vinnulýsingum sem heilbrigðiseftirlitsvæðum ber að aðlaga að sinni starfsemi.

Sérstakar eftirlitsáherslur og eftirlitsverkefni eru skipulögð árlega sjá kafla 2. Tilgangur þeirra er þjálfun og að stuðla að samræmdum aðferðum í eftirliti.

5.2.2. Samstarf

Innan Matvælastofnunar starfa eftirlitsteymi á mismunandi sviðum. Starfsfólk vettvangseftirlits úr öllum umdæmum sem sinnir samskonar eftirlit kemur reglulega saman og ræðir eftirlitsaðferðir og mat á athugasemdum. Teymin kalla til sérfræðinga (fagsviðstjóra / sérgreinadýralækna) frá Samhæfingu þegar þörf er á faglegum stuðningi við mat á athugasemdum sem koma upp í eftirlit og þörf er á að samræma athugasemdir á milli svæða, Teymin kalla einnig eftir leiðbeiningum / þjálfun frá sérfræðingum þegar þörf er á.

Forstjóri Matvælastofnunar heldur reglulega fundi (u.þ.b.10 fundi á ári) með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga þar sem fjallað er um stefnumótandi mál sem varða matvælaeftirlit á Íslandi.

Haldnir eru reglulega fundir (6-8 fundir á ári) með fulltrúum allra heilbrigðiseftirlitssvæða í svokölluðum Matvælahópi skv. erindisbréfi þar um.

Markmið Matvælahóps er að stuðla að samráði og samhæfingu milli Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga sem og innbyrðis milli heilbrigðiseftirlitssvæða og tryggja upplýsingaflæði milli aðila.

Helstu verkefni Matvælahóps

- Hópurinn skal sjá um samráð vegna samræmingar og framkvæmdar eftirlits með matvælum.
- Taka fyrir vandamál sem upp koma í eftirliti og leita leiða til að leysa þau.
- Skipuleggja samræmd eftirlitsverkefni og tryggja framkvæmd þeirra .
- Taka þátt í skipulagi menntunar/þjálfunar þeirra sem starfa við opinbert matvælaeftirlit.
- Vera vettvangur upplýsingamiðlunar um neytendavernd og eftirlit á sviði matvælaöryggis og upplýsingarmiðlunar um matvæli.

Heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa með sér mikla samvinnu og hafa með sér formleg samtök: [Samtök Heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi](#). Samtökin hafa að markmiði að standa vörð um heilbrigðiseftirlit á Íslandi og stuðla að árangursríku, óháðu og faglegu eftirliti.

Umhverfisstofnun stendur fyrir samráðsfundum með stjórnvöldum sem hafa hlutverki að gegna skv. efnalögum til þess að skýra framkvæmd eftirlits og eftirfylgni með ákvæðum þeirra. Þá stendur stofnunin fyrir þjálfun eftirlitsmanna hjá þessum stjórnvöldum eftir þörfum.

Lyfjastofnun veitir Matvælastofnun upplýsingar um sölutölur dýralyfja til dýralækna. Upplýsingarnar nýtast Matvælastofnun í eftirliti með ávísunum dýralyfja sem og að upplýsingarnar nýtast þegar gerð er lyfjaleifaáætlun.

Samstarfsráð starfar við Matvælastofnun skv. reglugerð 940/2019. Í ráðinu eru fulltrúar frá ýmsum hagaðilum. Á fundum samstarfsráðs skal Matvælastofnun kynna árlega áætlun um störf stofnunarinnar. Þá skulu kynntar skýrslur um starfsemina og önnur mikilvæg málefni er tengjast starfi stofnunarinnar. Fulltrúum samstarfsráðs er heimilt að óska eftir umfjöllun um tiltekin málefni á fundum ráðsins.

5.3. Kerfisbundin sannprófun

Markmið fyrir eftirlit hafa verið sett sbr. kafla 2. Matvælastofnun mun snemma árs 2022 gefa út ferli fyrir sannprófun. Þar verður skilgreint hvaða þætti skal sannprófa, ábyrgð og hlutverk mismunandi aðila innan Matvælastofnunar.

Í byrjun hvers árs eru niðurstöður eftirlits fyrra árs teknar saman. Út frá niðurstöðum eftirlits verða dregnar ályktanir og þörf á umbótum metin hvað varðar framkvæmd eftirlits. Niðurstöður ýmiss konar vöktunar eru einnig dregnar saman og á grunni þeirra og niðurstaðna úr eftirliti er lagt mat á stefnumótandi markmið sem sett hafa verið sbr. kafla 2.1. Þörf fyrir breytingar á áætlunum hvað varðar eftirlit, sýnatökur og vöktun er metin og tillögur þar að lútandi lagðar fyrir yfirstjórn sem tekur ákvarðanir um breytingar.

Matvælastofnun mun skilgreina ferli fyrir umbótahringinn fyrri hluta ársins 2022.

6. Þjálfunarfyrirkomulag

Þjálfun starfsmanna Matvælastofnunar er tvískipt, þ.e. annars vegar fá allir nýir starfsmenn nýliðaþjálfun á fyrstu dögum starfsins sem felur m.a. í sér kynningu á starfsemi Matvælastofnunar, helstu kerfum stofnunarinnar og löggjöf og hins vegar skulu allir fá bóklega fagþjálfun sem skipulögð er af næsta yfirmanni viðkomandi.

Starfsmenn sem sinna eftirliti skulu jafnframt fá verklega þjálfun til undirbúnings áður en þeir framkvæma eftirlit sjálfstætt. Aðrir starfsmenn fá handleiðslu í sínum verkefnum eins og við á. Bókleg fagþjálfun skal vera sérsniðin að hverjum einstaklingi og taka mið af menntun, þekkingu og reynslu starfsmannsins og eðli starfsins hverju sinni.

Þjálfun er skipulögð í samræmi við þjálfunaráætlun [LBE-198](#) og önnur skjöl sem liggja til grundavallar og stuðnings í gæðahandbók. Stofnunin hefur gefið út starfsþróunarstefnu (SSK-006) og áhersla lögð á að starfsmenn viðhaldi og þrói þekkingu sína og faglega hæfni til að geta sinnt starfi sínu eins vel og kostur er og öðlist meiri starfsánægju.

Ein öflugasta leið starfsmanna Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga til að sækja sér símenntun er í gegnum námskeið BTSF (Better training for safer food). Verklag fyrir umsóknir, afgreiðslu þeirra og fleira þessu tengt er að finna í verklagi [VLY-122](#) í gæðahandbók Matvælastofnunar.

Forsenda þess að fá að starfa sem heilbrigðisfulltrúi hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga er að hafa leyfi umhverfisráðherra samkvæmt reglugerð nr. 571/2002. Í reglugerðinni koma fram skilyrði um menntun og starfsþjálfun. Umhverfisstofnun og Matvælastofnun halda réttindanámskeið fyrir varðandi heilbrigðisfulltrúa. Það er haldið ýmist árlega eða annað hvert ár og inniheldur um 50 fyrirlestra. Heilbrigðisfulltrúa ber að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið.

Umhverfisstofnun heldur námskeið fyrir nýliða hjá stofnuninni þar sem farið er yfir lög og reglugerðir, starfsvið stofnunarinnar, hlutverk og markmið, gæðastjórnunarkerfi og aðra þætti sem varða nýja starfsmenn. Boðið er upp á námskeið og endurmenntun innan stofnunarinnar fyrir starfsmenn en einnig eru starfsmenn hvattir til endurmenntunar utan stofnunarinnar. Í ákveðnum tilvikum hafa starfsmenn einnig tekið þátt í BTSF námskeiðum á vegum Evrópusambandsins.

7. Viðbragðsáætlanir og gagnkvæm aðstoð

7.1. Viðbragðsáætlanir

Viðbragðsáætlanir má finna á mast.is á síðu um [landsáætlanir um eftirlit og viðbrögð](#). Einnig eru tenglar í skjöl hér fyrir neðan.

Matarbornir sjúkdómar

Matvælastofnun (Samhæfing) og sóttvarnarlæknir eru ábyrg fyrir viðbragðsáætlun um matarborna sjúkdóma.

[Leiðbeiningar við rannsókn á matarbornum sjúkdómum er að finna á vef Matvælastofnunar.](#)

Tilgangur viðbragðsáætlunarinnar er að tryggja markviss vinnubrögð þegar upp kemur matarborinn sjúkdómur svo koma megi í veg fyrir frekari útbreiðslu hans. Í áætluninni eru boðleiðir, ábyrgð og hlutverk mismunandi aðila skilgreind, svo samhæfing og samræming aðgerða, fagleg vinnubrögð og upplýsingaflæði til almennings séu tryggð.

Dýrasjúkdómar

Yfirdýralæknir er ábyrgðaraðili fyrir viðbragðsáætlun um alvarlega dýrasjúkdóma.

[Sjá á mast.is viðbrögð við dýrasjúkdómum.](#)

Tilgangur viðbragðsáætlunarinnar er að tryggja markviss vinnubrögð þegar upp kemur alvarlegur sjúkdómur í dýrum, í því skyni að hindra frekari útbreiðslu hans og uppræta smitefnið.

Náttúruhamfarir

Matvælastofnun (Yfirdýralæknir) er ábyrgðaraðili fyrir viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara.

[Sjá á mast.is leiðbeiningar vegna náttúruhamfara.](#)

Tilgangur viðbragðsáætlunarinnar er að tryggja markviss vinnubrögð við náttúruhamfarir, í því skyni að vernda heilsu og velferð dýra, og hreinleika afurða.

Skaðlegt fóður

Matvælastofnun (Samhæfing) er ábyrgðaraðili fyrir viðbragðsáætlun vegna skaðlegs fóðurs. Viðbrögð vegna skaðlegs fóðurs eru samkvæmt [VRF-034](#) í gæðahandbók Matvælastofnunar.

Tilgangur viðbragðsáætlunarinnar er að koma í veg fyrir að fóður sem er á einhvern hátt skaðlegt heilsu manna eða dýra sé á markaði.

CBRNE atvik (Chemical, Biological, Radiological, Nuclear, Explosives) en undir þessa skilgreiningu flokkast atvik er varða lýðheilsuógnir af völdum efnamengunar, sýkla og geislunar.

Sóttvarnarlæknir og Ríkislögreglustjórinn – almannavarnardeild eru ábyrgðaraðilar

[Viðbragðsáætlun Almanna; Landsáætlun CBRNE - Lýðheilsa](#)

Tilgangur viðbragðsáætlunarinnar er að segja fyrir um skipulag og stjórn aðgerða þegar grunur vaknar um atvik af völdum eitufna, sýkla (veira, baktería, sveppa, sníkjudýra) geislunar, kjarnorku eða sprengiefna, sem ætla má að geti leitt til lýðheilsuógnar.

7.2. Gagnkvæm aðstoð og viðvörðunarkerfi

RASFF hraðviðvörðunarkerfi (Rapid Alert System for Food and Feed - RASFF)

Sameiginlegt kerfi á Evrópska efnahagssvæðinu til þess að tilkynna um matvæli og fóður eða matvælasnertiefni sem ekki eru örugg. Matvælastofnun er tengiliður Íslands við kerfið. Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga tilkynna til RASFF um hættuleg matvæli, fóður og matvælasnertiefni á markaði og bregðast við tilkynningum frá RASFF til að tryggja öryggi neytenda.

Stjórnsýsluaðstoð og samstarf (AAC - Administrative assistance and cooperation)

Lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja EES skulu veita hvert öðru stjórnsýsluaðstoð til að tryggja rétta beitingu reglna sem heyra undir gildissvið (eftirlits)reglugerðar nr. 2017/625 í tilvikum sem skipta máli í fleiri en einu aðildarríki. Matvælastofnun er tengiliður Íslands.

Samstarfsnefnd um sóttvarnir

Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir (SSUS), sbr. 11. gr. Sóttvarnarlaga nr. 19/1997. Hlutverk nefndarinnar er að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna heilsu manna. Nefndinni er heimill aðgangur að nauðsynlegum gögnum og öllum stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og getur fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Nefndin skal gefa öllum þeim sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrirmæli um að grípa án tafar til allra nauðsynlegra aðgerða til að uppræta hættu af völdum smits, eiturefna eða geislavirkra efna.

8. Endurskoðun og breytingar á landsbundinni eftirlitsáætlun

Árlega skal yfirfara landsbundna eftirlitsáætlun til margra ára (LEMA) og uppfæra hana til samræmis við breytingar á löggjöf og/eða verklagi við opinbert eftirlit.

Árlega skal yfirfara starfsmarkmið LEMA og skoða niðurstöður áfangamælinga og hvort það gefi tilefni til uppfærslu eða endurskoðunar á starfsmarkmiðum eða eftirlitsverkefnum.

Árlega skal yfirfara og uppfæra áætlanir um eftirlitsverkefni eftir því sem tilefni er til.

Í lok gildistíma LEMA skal skoða niðurstöður starfsmarkmiða og stefnumótandi markmiða og að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti, stefnu stofnunarinnar, innri/ytri úttekta eða annarra þátta endurskoða áætlunina, markmið og áherslur í heild sinni.

Skammstafanir:

Heilbrigðiseftirlitssvæði	Skv. 44. grein laga nr. 7/1998 skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Landinu er skipt í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði sjá kafla 3.1.2.
MANCP LEMA	The Multi Annual National Control Plan Landsbundin eftirlitsáætlun til margra ára
MAST	Matvælastofnun
NRL	National reference laboratories Landsbundnar tilvísunarrannsóknastofur
RASFF	The Rapid Alert System for Food and Feed Hraðviðvörðunarkerfi fyrir matvæli og fóður
TRACES NT	TRAdE Control and Expert System
EES	Evrópska efnahagssvæðið
ESB	Evrópusambandið
OIE	Office International des Epizooties Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin
ABP	Animal byproducts Aukaafurðir dýra
TSE	Transmissible Spongiform Encephalopathies Kúariða